



# Sterkt fjármálakerfi – öflugt atvinnulíf

Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2011



**SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA**  
Icelandic Financial Services Association

Útgefandi: Samtök fjármálafyrirtækja  
Umbrot: Magnús Torfason  
Prentun: Pixel

# Efnisyfirlit

Formáli stjórnarformanns SFF .....	4
Staða efnahagsmála og horfur .....	6
Gengi krónunnar og peningamál .....	6
Alþjóðleg viðbrögð við fjármálakreppunni .....	8
Endurreisn fjármálakerfisins nær lokið .....	10
Óvissa um lögmæti lána í erlendri mynt .....	10
Stærri fyrirtæki .....	11
Minni fyrirtæki .....	11
Heimili .....	11
Afskriftasvigrúm og niðurfærsla lána .....	12
Álögur aukast en kerfið dregst saman .....	14
Skattar .....	15
Bankaskattur .....	15
Tekjuskattur og tryggingagjald .....	16
Nýr launaskattur .....	16
Önnur opinber gjöld .....	17
Tryggingarsjóður innstæðueigenda .....	17
Eftirlitgjöld til Fjármálaeftirlits .....	17
Umboðsmaður skuldara .....	18
Umgjörð vátryggingastarfsemi .....	19
Auknar kröfur með Solvency II tilskipuninni .....	19
Hvítbók um tryggingarsjóð vátryggingafélaga .....	20
Óvissa í kjölfar dóms Evrópudómstólsins .....	21
Um SFF .....	23
Aðildarfélög .....	23
Ný löggjöf um fjármálamarkaðinn 2010–2011 .....	24
Yfirlit lagabreytinga sem varða aðildarfélög SFF samþykkt á 139. löggjafarþingi .....	24

# Formáli stjórnarformanns SFF



SFF hafa haft í mörg horn að líta á síðustu misserum og mörg stór verkefni verið á þeirra borðum, umfram hina hefðbundnu hagsmunagæslu vegna regluverks fjármála- og váttryggingamarkaðar. Þannig hafa samtökin verið tengiliður fjármálamarkaðarins við stjórnvöld varðandi þau úrræði

vegna skuldavanda heimila og fyrirtækja sem hafa verið í deiglu undanfarið ár. SFF hafa einnig leitt vinnu að vottun fjármálaráðgjafa, nýju námi fyrir starfsmenn í framlínu fjármálafyrirtækjanna sem hófst nú í septemberlok. Þá hefur á vegum samtakanna verið unnið að síðferðilegum viðmiðum á fjármálamarkaði sem nú eru komin á lokastig og verða kynnt innan skamms. Verðbréfaþópur SFF vann í upphafi árs viðamikla úttekt á stöðu verðbréfa-markaðarins og settu fram fjölmargar tillögur um nauðsynlegar úrbætur sem samtökin hafa fylgt eftir. Á váttryggingasviði hafa forvarnir gegn váttryggingasvikum verið eitt af forgangsmálum og samtökin stóðu fyrir viðamikilli ráðstefnu með erlendum sérfræðingum á því sviði síðsumars.

## Gerbreytt umhverfi

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim þremur árum sem liðin eru frá því að alþjóðleg fjármálakreppa skall á og efnahagshrun varð hér á landi. Fjármálakerfið í heild sinni er nú einungis brot af því sem það var á árinu fyrir hrun. Þannig er bankakerfið þegar horft er til eigna einungis fimmtungur af því sem það var þegar mest lét og fjármálakerfið í heild um fjórðungur. Íslensk fjármálafyrirtæki eru nú nánast einvörðungu að sinna viðskiptavinum á Íslandi en voru á árunum fyrir hrun með starfsemi í yfir 20 löndum.

Þetta eru miklar breytingar á ekki lengra tímabili. Auk þess sem eignir og tekjur hafa dregist saman hafa fjármálafyrirtæki, líkt og mörg fyrirtæki og heimili í landinu, gengið í gegnum viðamikla uppstokkun og endurskipulagningu fjárhags með tilheyrandi óvissu fyrir þá sem starfa innan fyrirtækjanna.

## Íslenskt fjármálakerfi geti þjónustað atvinnulíf og heimili

Þrátt fyrir þessa miklu lækkun eigna kerfisins er enn umræða um að íslenska fjármálakerfið sé of stórt. Ekki er alltaf ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í þeirri umræðu. Íslenska bankakerfið er að mestu fjármagnað með innlánum og eigin fé og það hlýtur að vera eitt mikilvægasta verkefni þess að ávaxta þær skuldbindingar. Mörg nágrannaríki okkar eru með svipað hlutfall innlána af landsframléiðslu og Ísland. Mikilvægt er að innlent fjármálakerfi geti sinnt íslensku atvinnulífi. Ef það er ekki í stakk búið til þess munu erlend fjármálafyrirtæki taka það hlutverk að sér í meira mæli en þekkist hefur og mikilvægur virðisauki af fjármálastarfsemi þannig fara úr landi með neikvæðum áhrifum á hagvöxt.

## Regluverk og skattaumhverfi taki mið af alþjóðlegri þróun

Nú þegar sér fyrir endann á endurreisn fjármálakerfisins og umgjörð þess í heild sinni hefur verið endurskoðuð er nauðsynlegt að skoða hvernig til hefur tekist, horfa til framtíðar og meta hvort núverandi umgjörð stuðlar að heilbrigðu fjármálakerfi. Þá þarf að fylgjast vel með þeirri miklu vinnu sem er í gangi alþjóðlega varðandi endurskoðun á eftirliti og regluverki fjármálageirans og innleiða slíkar breytingar hér á landi með sambærilegum hætti og í nágrannaríkjum okkar.

Í kjölfar efnahagshrunsins jókst skattbyrði fjármálakerfisins til muna, opinber gjöld hafa verið hækkuð, ný gjöld tekin upp og nýjum sköttum komið á. Samanlagt hafa þessar stórauðni álögur leitt til þess að þrátt fyrir að atvinnu-

greinin sé einungis lítill hluti af stærð kerfisins fyrir hrun skilar hún nær jafnmiklum tekjum í ríkissjóð og þá.

### **Opinberar álögur 6 milljónir króna á hvert stöðugildi**

Á síðasta ári námu hin ýmsu opinberu skattar og gjöld sem aðildarfélögum SFF er gert að greiða 28 milljörðum króna, til samanburðar við 25 milljarða króna á árinu 2008. Þá hafa þau gjöld og skattar á fjármálakerfið sem eru óháð þeim tekjum sem fjármálafyrirtækin afla fjórfaldast frá því fyrir hrun sé tekið mið af áformum um auknar álögur á fjármálafyrirtæki á þessu ári. Þetta eru sláandi tölur þegar horft er til þess hversu kerfið hefur minnkað mikið. Heildarskattaálögur þessa árs nema ríflega sex milljónum króna á hvert stöðugildi í fjármálafyrirtækjum og enn á að hækka álögur, næst með sérstökum skatti á launagreiðslur fjármálafyrirtækja.

Þær hugmyndir sem uppi eru um nýjan skatt á launa-kostnað fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og lífeyris-sjóða eru varhugaverðar þar sem slíkur skattur mun skerða

samkeppnishæfni íslensks fjármálageira verulega. Þá er ljóst að skattur, sem lagður er á kostnað óháð afkomu, mun lenda harðast á minni fyrirtækjunum og þeim sem eru að byrja að byggja upp sína starfsemi.

### **Fjármálafyrirtæki í lykilhlutverki**

Sterkt og heilbrigt fjármálakerfi er undirstaða öflugs atvinnulífs og forsenda efnahagsbata. Það mótmælir því enginn að fjármálafyrirtækin leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Hins vegar þarf slíkt framlag að mótast af skynsemi og sanngirni og vera í samræmi við alþjóðlega þróun. Enn frekari og séríslenskar álögur á fjármálakerfið munu einungis lengja kreppuna. Mikilvægt er að búa fjármálafyrirtækjum það starfsumhverfi að þau geti stutt við íslenskt atvinnulíf og heimili. Tími uppbyggingar er kominn. Þar munu öflug fjármálafyrirtæki lyfta Grettistaki.



*Birna Einarsdóttir formaður SFF*

# Staða efnahagsmála og horfur

Margt virðist benda til þess að botni niðursveiflunnar í kjölfar efnahagshrunsins sé náð hér á landi. Nokkur hagvöxtur varð á síðasta ársfjórðungi ársins 2010 samkvæmt ársfjórðungsmælingum Hagstofu Íslands á landsframleiðslu. Á árinu 2010 í heild var þó áfram samdráttur um 3,5% og samtals hefur landsframleiðsla dregist saman um rösk 10% á árunum 2009 og 2010. Spár um hagvöxt gera ráð fyrir að uppsveiflan verði hæg og hagvöxtur næstu árin verði á bilinu 2–3%. Í þeim spám er hagvöxtur leiddur af vaxandi einkaneyslu og fjárfestingum en samneysla og utanríkisviðskipti hafa neikvæð áhrif á hagvöxt.

Samneysla er talin munu dragast saman vegna aðgerða í ríkisfjármálum til að ná afgangi í rekstri ríkisins en innflutningur vex hraðar vegna aukinna neyslu- og fjárfestingarútgjalda. Nýlegar upplýsingar, eftir að spár voru gerðar, benda til þess að líklegt sé að stórfjárfestingar séu heldur að dragast saman frá því sem áður var áætlað en tölur um einkaneyslu virðast benda til meiri aukningar í sumar en ráð var fyrir gert. Óvíst er hversu varanleg sú aukning er.


Atvinnuleysi er nú um 6% en árstíðaleiðrétt atvinnuleysi er 7% og hefur lækkað um tæplega 1,5% frá hámarki veturinn 2009 til 2010. Frá árinu 2008 til ársins 2010 hefur vinnuafli hér á landi dregist saman um 4.000 störf og starfandi fækkað um 11.300. Atvinnulausir í árslok 2010 voru um 13.700 og hefðu að líkindum verið enn fleiri ef ekki hefði komið til brottflutningur úr landi og aukin ásókn í nám sem endurspeglast í samdrætti vinnuafli.

Svo virðist einnig sem botninum sé náð á eignamörkuðum en raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu hefur verið stöðugt undanfarna tólf mánuði. Nýjustu tölur benda til lítillhátar hækkunar. Nafnverð hefur undanfarna 12 mánuði hækkað um 5%. Þá hafa viðskipti með íbúðarhúsnæði glæðst undanfarna tvö misseri og um 360 kaupsamningar skráðir að meðaltali í hverjum mánuði. Að meðaltali á árunum 2000 til 2007 voru um 630 kaupsamningar skráðir á mánuði. Lágmarki var náð á fyrri hluta árs 2009 þegar skráðir kaupsamningar voru um 140 á mánuði. Hugsanlega gætir hér áhrifa áhættufælni í kjölfar efnahagshrunsins og gjaldeyrishaftanna sem hafa þau óbeinu áhrif að auka fjárfestingar í fasteignum.

## Gengi krónunnar og peningamál

Gengi krónunnar hefur sveiflast á afmörkuðu bili eftir að stöðugleika var náð snemma árs 2009 með samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og innleiðingu gjaldeyrishafta undir lok árs 2008. Vísitala gengis krónunnar hefur sveiflast

á bilinu 180–220 eða innan 10% frá miðgildi sem er í kringum 200.




Á árinu 2010 styrktist krónan en veiktist á ný á fyrrihluta þessa árs. Reyndar hóf hún að styrkjast aftur uppúr miðju ári 2011 og er nú í október lítið eitt veikari en hún var um síðastliðin áramót. Fall krónunnar á árinu 2008 stuðlaði að jöfnuði í viðskiptum með vöru og þjónustu við útlönd og verulegur afgangur hefur verið á þeim viðskiptum frá árinu 2008. Þannig hefur skapast nægilegt gjaldeyrissinnstreymi til að mæta þeim innflutningi sem leyfður er innan gjaldeyrishaftanna. Raungengi krónunnar mælt á mælikvarða verðlags er nú 27% lægra en það hefur verið að meðaltali frá 2002–2007. Reyndar einkenndist það tímabil af miklum viðskiptahalla, nema árið 2002, þegar jafnvægi var í viðskiptum við útlönd.

Vaxtastefna Seðlabankans hefur stærstan hluta þessa árs einkennt af áhyggjum af vaxandi verðbólgu og verðbólguvæntingum þrátt fyrir mikinn slaka í hagkerfinu. Verðbólga sem var um 2% í upphafi ársins 2011 fór hækkandi er leið á árið og er nú 5%. Meginskýringar þeirrar aukningar liggja í erlendum verðhækkunum, aðallega á hrávörum, veikingu krónunnar fyrr á árinu, opinberum verðhækkunum og hugsanlega kauphækkunum vegna nýrra kjarasamninga. Áhrif kjarasamninga eru þó væntanlega að litlu leyti komin fram enda frá þeim gengið á vormánuðum.

Verðbólguvæntingar, bæði heimila og fyrirtækja, hafa snarhækkað á árinu og eru á bilinu 4–5% en voru um 2% í ársbyrjun 2011. Síðasta vaxtalækkun Seðlabankans í vaxtalækkunarferlinu, sem staðið hefur óslitið frá snemma árs 2009, átti sér stað í febrúar en í ágúst hækkaði Seðlabankinn vexti um 0,25% með tilvísan til vaxandi verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Frá ársbyrjun 2009 til febrúar 2011 höfðu vextir Seðlabankans af veðlánnum lækkað úr 18% í 4,25% og vextir á viðskiptareikningum lánastofnana í Seðlabanka lækkað úr 15% í 3,25%. Þar sem lausafjárstaða lánastofnana hefur almennt verið góð á þessu tímabili, sérstaklega eftir því sem liðið hefur á tímabilið, hafa vextir á viðskiptareikningum í raun verið ráðandi stýrivextir og mótað kjör í stuttum millibankaviðskiptum.



Í mars síðastliðnum birti Seðlabankinn nýja áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Megináhersla þeirrar áætlunar eru aðgerðir til að leysa út aflandskrónur, þ.e. krónueignir innanlands í eigu erlendra aðila, en þær mynda ásamt öðru þrýsting á gengi krónunnar. Forsenda afnáms haftanna að mati Seðlabankans er að þessum krónueignum verði komið úr landi í skiptum fyrir gjaldeyri eða að þær verði bundnar til lengri tíma í íslenskum skuldbindingum.

Fyrsta skref þessarar áætlunar er að bjóða eigendum aflandskróna að kaupa gjaldeyri á sérstökum uppboðum sem Seðlabankinn efnir til en samhliða er sú sala gjaldeyris fjármögnuð með öðrum uppboðum þar sem innlendum aðilum sem eiga gjaldeyriseignir er boðið að skipta þeim í innlend ríkisskuldabréf í krónum. Tvö slík pör af uppboðum fóru fram í sumar. Það fyrra heppnaðist en í seinna skiptið var lítið framboð af erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir ríkisskuldabréf.

Næsta skref áætlunar Seðlabankans er að heimila fjárfestingu aflandskróna í innlendum fyrirtækjasjóðum gegn því að erlendir aðilar komi með jafnmikið af nýjum erlendum gjaldeyri við hverja fjárfestingu. Það skref hefur ekki verið stigið. Óvíst er hvort með þessari áætlun tekst að losa nægilega mikinn hluta aflandskróna til að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin.

## Fjármálafyrirtækin: ógnir og tækifæri Hvað segja stjórnarformennirnir?

### Monica Caneman stjórnarformaður Arion banka

Helsta tækifæri íslenskra fjármálafyrirtækja felst í því að ljúka sem fyrst úrvinnslu mála sem tengjast fortíðinni og skuldavanda viðskiptavina þeirra. Íslensk fjármálafyrirtæki þurfa að klára það uppgjör þannig að hefðbundin bankaþjónusta við viðskiptavinum þeirra verði í fyrirrúmi. Það er ekki fyrr en viðskiptavinir fjármálafyrirtækjanna ná sér á strik sem þau geta beint kröftum sínum í réttan farveg, því felast mikil tækifæri í því fyrir fjármálafyrirtækin að styðja vel við uppbyggingu viðskiptavina sinna. Að auki liggja enn tækifæri til frekari hagræðingar í rekstri fjármálafyrirtækja og mikilvægt að halda þar vel á málum.

Hér á landi ríkir um margt einstök staða á fjármálamörkuðum. Skuldastaða margra einstaklinga og fyrirtækja er erfið og áfram er uppi krafa um skuldalækkun ákveðinna hópa. Ríkið spilar hér stórt hlutverk sem eigandi tveggja af stærstu lánveitendum á íbúðalánamarkaði, sem þó taka mjög ólíkt á þessum málum. Ríkið hefur einnig aðkomu að mörgum hinna minni fjármálafyrirtækja svo sem sparisjóða. Svo virðast stjórnámálamenn telja að þeirra greiðasta leið til aukinna vinsælda sé að gagnrýna bankana. Á slíkum tímum er ákveðin hætta fólgin í því að skynsemin ráði ekki för í mótun starfsumhverfis mikilvægra stofnana eins og fjármálastofnana, sem eru ekki síst mikilvægar fyrir efnahagslíf þjóða.



# Alþjóðleg viðbrögð við fjármálakreppunni

Á alþjóðavettvangi er nú unnið að því að draga lærdóm af fjármálakreppunni sem skall á haustið 2007. G20 landahópurinn hefur leitt þá vinnu með stuðningi frá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel (BIS). Fjármálakreppan, sem síðar leiddi til efnahagshruns hér á landi haustið 2008, er tvímælaust alvarlegasta efnahagsáfall sem hagkerfi heimsins hafa orðið fyrir síðan í kreppunni miklu á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar.

Enginn þarf að efast um að regluverk sem fjármálafyrirtæki störfuðu eftir á Vesturlöndum og byggðist á tilmælum frá Alþjóðagreiðslubankanum, svokölluðum Basel II staðli, reyndist ófullnægjandi til að tryggja öryggi fjármálakerfisins í heiminum.

Að hluta til stafaði vandinn af því að ýmsar nýjar fjármála-afurðir höfðu ófyrirséða áhættu eða byrgðu sýn á áhættu en einnig að hluti áhættu af lánastarfsemi var falinn utan efnahags hefðbundinna fjármálafyrirtækja og kom ekki í ljós fyrr en á reyndi. Mistök í stjórn efnahagsmála í heiminum, lágir vextir og ójafnvægi í viðskiptum milli iðnríkja og þróunarríkja möggnuðu sparnað í þróunarríkjum og kyntu þannig undir myndun eignabólu á fasteignamarkaði sem barði í þessa bresti. Saman leiddu þessir þættir til þess að gírur fjármálakerfisins jókst gríðarlega, skuldsetning heimila og fyrirtækja magnaðist og eignaverð, sem er undirstaða lánastarfsemi, bólgnaði út. Við þessar aðstæður reyndust mörg fjármálafyrirtæki vanbúin því að mæta viðsnúningnum í efnahagslífinu og greiðsluferfiðleikum skuldara. Hvort tveggja kom í ljós að eigið fé marga fjármálafyrirtækja var ónógt til að mæta lækkun eignaverðs og útlánatöpum og lausafjárviðbúnaður var ófullnægjandi til að mæta því ástandi sem skapaðist þegar hefðbundnir markaðir fyrir fjármögnun, þ.e. skuldabréfa- og peningamarkaðir, lokuðust vegna óvissu og áhættufælni.

## Basel III á að auka gæði eiginfjár og takmarka gírur

Hin svokölluðu Basel III tilmæli liggja nú fyrir frá Alþjóðagreiðslubankanum en þau fela í sér reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja og eru afrakstur samvinnu bankans og G20 hópsins. Meginmarkmið tilmælanna eru að styrkja eigið fé og gæði þess, efla viðbúnað við lausafjáráhættu, draga úr áhrifum hagsveiflna á efnahag fjármálafyrirtækja, hefta óhæfilega gírur, auka lausafjárviðbúnað og hvetja til framsýnna afskriftaframlaga til að mæta útlánatöpum fjármálafyrirtækja í niðursveiflum.

Meginbreytingin sem felst í Basel III er að í stað þess að eftirlit með fjárhagslegum styrk fjármálafyrirtækja byggi

fyrst og fremst á einni stærð, þ.e. eiginfjárlutfalli, verður eftirlitið þríþætt og byggir á eftirliti með gírur, eiginfjárlutfalli og lausafjárstöðu.

Upphaflegar Basel reglur, Basel I, fólu í sér samræmda kröfu um að eigið fé væri að lágmarki 8% af áhættuvegnum eignum fjármálafyrirtækja, þ.e. áhættugrunni. Basel II reglurnar voru viðbrögð við því að fjármálafyrirtæki leituðu í auknum mæli í ýmis viðskipti þar sem áhættugrunnur var lítill samanborið við arðsemi og áhættu. Með Basel II var þessi áhætta dregin fram og bætt við áhættugrunninn. Basel II reglurnar voru í mótun árin 2004–2008. Basel III reglurnar byggja á þeirri reynslu að eigið fé var í mörgum tilvikum þegar til kastanna kom ónógt til að mæta þeirri áhættu sem var í rekstri fjármálafyrirtækja, m.a. þar sem það sem taldist til eiginfjár reyndist ekki í öllum tilvikum til reiðu til að mæta töpum. Þá skorti bankakerfið lausafé þegar markaðir lokuðust. Loks voru áhættustýring og stjórnarhættir ófullnægjandi.

## Útfærsla á Basel III í Evrópu

Nefnd Alþjóðagreiðslubankans um fjármálaeftirlit og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hafa unnið að útfærslu þessara reglna og framkvæmdastjórnin lagði í febrúar á síðasta ári fram ný drög að tilskipun um eiginfjárlögreglur (Capital Requirement Directive IV).

Nýja tilskipunin (nánnar skýrð í töflu) kemur í kjölfar CRD II og CRD III sem báðar voru viðbrögð við fjármálakreppunni og hafa að hluta eða öllu leyti tekið gildi. CRD II felur í sér breytingar á eiginfjárlögreglum, meðferð stórra áhættu, eftirlitsmálum og gæðakröfum til lausafjárstyrkingar og verðbréfunar. CRD III fjallar meðal annars um eiginfjárlögreglur vegna veltubókar og endurverðbréfunar auk opinbers eftirlits með launastefnu fjármálafyrirtækja. CRD II tók gildi á árinu 2007 og CRD III verður að fullu innleidd í árslok 2011.

Evrópsku bankasamtökin (EBF), sem SFF eru aðili að, eru virkur þátttakandi samstarfi og samráði um mótun hinna nýju eiginfjárreglna.

Mikilvægur þáttur breytinganna eins og þær verða útfærðar af Evrópsambandinu með nýjum eiginfjárreglum, CRD IV, er að ákvæði um fjárhagslegan styrk fjármálafyrirtækja verða í reglugerð sem felur í sér að þær verða bindandi á svæðinu og einstök aðildarríki geta ekki verið með sérstakar útfærslur nema þar sem það er sérstaklega heimilað í reglugerðinni. Þetta er gert til að tryggja samræmda framkvæmd reglnanna.



## Aðrar aðgerðir

Auk breytinga á eiginfjárlitaskipuninni hefur ESB unnið að endurbótum á regluverki sambandsins sem varða ýmsa veikleika sem komu í ljós í fjármálakreppunni. Þar á meðal má nefna nýja tilskipun um innstæðutryggingar, reglur um lánshæfisfyrirtæki, reglur um stjórnarhætti fyrirtækja, reglur um viðbrögð í fjármálakreppum og reglur um endur-reisn og upplausn fjármálfyrirtækja auk reglna um afleiður, þar á meðal skuldatryggingar, skortsölu og reikningsskil fjármálfyrirtækja. Þessar endurbætur eru á vinnslustigi en stefnt er að því að flest þeirra verði komin á endanlegt stig um næstu áramót. Loks hefur verið komið á fót nýrri stofnun, European Banking Authority (EBA) sem tekur

yfir verkefni sem samráðsnefnd fjármálaeftirlita hafði áður og er ætlað að styrkja og samhæfa starf eftirlitsaðila.

Mikilvægt er að Ísland taki þátt í þessari vinnu og innleiði sem fyrst þær breytingar sem gerðar eru, enda eru þær breytingar nauðsynlegur viðbúnaður til að forða því að fjármálahrun endurtaki sig hér á landi. Reynsla Íslendinga er gagnlegt innlegg í þessa vinnu. Þá er grundvallaratriði að Ísland verði samstíga öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu við þessar breytingar svo samkeppnisgrundvöllur innlendra fjármálfyrirtækja verði sambærilegur við samkeppnisaðila og innlendum kaupendum fjármálaþjónustu verði ekki íþyngt með séríslenskum reglum sem auka kostnað við þjónustuna.

## Meginatriði CRD IV tilskipunar

### Nýjar eiginfjárreglur

Margvíslegar breytingar eru gerðar á eiginfjárákvæðum. Kröfur um gæði og öryggi eiginfjár til að mæta áföllum eru auknar. Gerð er krafa um að kjarna eigið fé fjármálfyrirtækja sé myndað af hlutfé (eða gerningum sem hafa hliðstæða eiginleika) og óráðstöfuðu eigin fé. Skyld verður að kjarna eigið fé sé 4,5% af áhættugrunni. Lágmarkseiginfjárfkrafa verður áfram 8%.

Ofan á 8% eiginfjárfkröfuna verður gerð krafa um 2,5% varaforða, svokallaðan Capital Conservation Buffer. Ennfremur munu yfirvöld einstakra aðildarríkja á grundvelli mats á ástandi í sínu ríki hafa heimild til að gera kröfu um sérstakt viðbótarálag á bilinu 0–2,5% vegna hagsveiflu, sem grundvallað yrði á mati á hættu á eignabölu eða hraða vaxtar útlána (countercyclical buffer). Hugmyndin er að sú krafa hækki og lækki eftir stöðu hagsveiflunnar.

Uppfylli fjármálfyrirtæki ekki þessar viðbótarkvaðir verður útgreiðsla arðs og kaupauka bönnuð. Þá verður fyrirtækjum gert skylt að skila til eftirlitsaðila áætlun um hvernig tilskyldum eiginfjármörkum verði náð.

Auk þessa eru ýmis ný ákvæði sett til að tryggja gæði eiginfjár, bæði kjarnaefn-fjár og annars eiginfjár, svo sem um meðferð eignarhluta minnihluta, viðskiptavildar og skattainneigna svo dæmi séu tekin. Öll þessi ákvæði miða að því tryggja að eigið fé sé raunverulega tiltækt ef erfiðleikar steðja að.

### Gírunarhlutfall (leverage ratio)

Nýtt í CRD IV (og Basel III) eru ákvæði sem takmarka gírun eiginfjár. Þessi ákvæði eru hugsuð sem öryggisventill ef ákvæðin um eiginfjárhlutfall reynast ófullnægjandi, þ.e. ef fjármálfyrirtæki finna leiðir til að auka gírun innan þeirra t.d. með þróun nýrra fjármálaafurða. Saman mynda því reglurnar um eiginfjárhlutfall og gírun eins konar belti og axlabönd. Gírunarhlutfallið er hugsuð sem hlutfall hefðbundins (bók-færðs) eiginfjár (Tier 1) og allra eignaliða (óáhættuveginna). Hugmyndin er að lágmarkshlutfallið verði 3%.

### Lausafjærkvaðir

Tvö ný lausafjærkvaðir eru áformuð á grundvelli Basel III. Annars vegar svokallað liquidity coverage ratio (LCR), eða lausafjærhlutfall sem er hliðstætt því lausafjærhlutfalli sem beitt hefur verið hér á landi, og felst í því að öruggt og

aðgengilegt lausafé sé jafn mikið eða meira en skuldbindingar sem geta fallið til innan eins mánaðar.

Hins vegar ákvæði sem nefnt er net stable funding ratio (NSFR), fjármögnunarlutfall mætti kalla það. Grunnhugmyndin er að tryggja að eignir sem eru bundnar til langs tíma séu fjármagnaðar með traustum hætti, þ.e. að forða því að ójafnvægi í binditíma á eigna- og skuldahlíð leiði til lausafjærvanda.

Gerð er krafa um að áreiðanleg fjármögnun standi að fullu móti eignum sem bundnar eru til langs tíma. Með áreiðanlegri fjármögnun er átt við smásöluinnlán, langtíma millibankafjármögnun og eigið fé. Gildistaka þessara ákvæða verður í seinni áföngum aðlögunartímabils nýju reglanna.

### Gildistaka í áföngum fram til 2019

Gildistaka hinna nýju reglna, CRD IV, verður í áföngum á tímabilinu 2013 til ársloka 2018. Áformað er að ýmsir nýir þættir verði skoðaðir nánar og reynslukeyrðir á fyrstu árum aðlögunartímabilsins svo sem gírunarhlutfallið og lausafjærkvaðirnar. Þá verða viðbótarkröfur um eigið fé, þ.e. varaforði og hagsveifluforði, innleiddar í jöfnum skrefum frá ársbyrjun 2014.

# Endurreisn fjármálakerfisins nær lokið

Stærstu áföngunum við endurreisn fjármálakerfisins var lokið á árinu 2009 þegar gengið var frá samningum við kröfuhafa þrotabúa gömlu bankanna um mat á eignum sem yfirteknar voru og um eiginfjármögnun nýju bankanna. Í framhaldi af því hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu ýmissa minni fjármálafyrirtækja auk eiginfjármögnunar Íbúðalánasjóðs. Þannig keypti Landsbankinn Sparsjóð Keflavíkur og Íslandsbanki keypti Byr hf., sem áður var Byr sparisjóður. Kaup Íslandsbanka á Byr eru enn til skoðunar hjá samkeppnisyfirdöðum. Eftir standa tíu sparisjóðir. Á vormánuðum lagði ríkissjóður Íbúðalánasjóði til 33 milljarða króna sem eiginfjárframlag til að styrkja stöðu sjóðsins. Enn er í athugun hvort þörf er á frekara eiginfjárframlagi til að mæta tapi sjóðsins í kjölfar efnahagshrunsins. Með þessum aðgerðum er fjárhagslegri endurskipulagningu fjármálakerfisins að mestu lokið. Í kjölfar hrunsins hafa svo sprottið upp sérhæfð fjármálafyrirtæki, sérstaklega á sviði fyrirtækjaráðgjafar, samhliða endurskipulagningu þeirra fjármálafyrirtækja sem fyrir eru.

Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið árlegri yfirferð á innra mati stóru viðskiptabankanna þriggja á eiginfjárbörf (ICAAP) þeirra og hefur staðfest að eiginfjárstaðan er í öllum tilvikum yfir þeim mörkum sem tilskilin eru. Þannig er kjarna eigið fé (core tier 1) þeirra allra yfir því 12% lágmarki sem Fjármálaeftirlitið hefur sett. Í þessari athugun voru gæði útlánasafna bankanna könnuð sérstaklega. Þá hafa áhrif af niðurstöðum dómstóla um lögmæti erlendra lána verið metin í þessu sambandi. Loks hefur Fjármálaeftirlitið gert könnun á getu bankanna þriggja til að mæta áföllum á grundvelli þeirra viðmiðana sem hið nýja evrópska bankayfirvald EBA hefur skilgreint. Engin þeirra sviðsmynda sem EBA skilgreinir leiðir til þess að eigið fé bankanna þriggja yrði undir tilskyldum mörkum.

Efnahagshrunið laskaði efnahagsreikninga heimila og fyrirtækja. Fall gengis krónunnar og verðbólga í kjölfar hennar, samdráttur í framleiðslu og tekjum, atvinnuleysi og verðhrun fasteigna og hlutabréfa stuðluðu að því að greiðslubyrði jókst, greiðslugeta minnkaði og tryggingar fyrir lánum urðu verðminni. Mikill skulda- og greiðsluvandi myndaðist bæði hjá heimilum og fyrirtækjum. Eitt meginverkefni lánveitenda undanfarin ár hefur verið að glíma við þessi mál og aðstoða heimili og fyrirtæki við að greiða úr skuldamálum.

Mikilvægar forsendur fyrir að hægt sé að takast á við þessi mál er annars vegar að þau fjármálafyrirtæki sem koma að máli hafi verið fjárhagslega endurskipulögð og

að í bókhaldi þeirra hafi raunsætt mat verið lagt á það tjón sem lánasafn þeirra hefur orðið fyrir. Hins vegar að lagalegri óvissu um gildi þeirra fjármálagerna sem um er að ræða hafi verið eytt. Fjárhagslegri endurskipulagningu stóru bankanna þriggja var ekki lokið fyrr en seint á árinu 2009 og eins og rakið var að framan skýrðist staða margra annarra fjármálafyrirtækja, þar á meðal Íbúðalánasjóðs, ekki fyrr en á þessu ári. Þar sem mörg fjármálafyrirtæki geta átt aðild að hverju skuldaúrvinnslumáli geta málfastif ef einn eða fleiri lánveitendur eru ekki í stakk búinir til að taka ákvarðanir um niðurfærslur lána og krafna.

## Óvissa um lögmæti lána í erlendri mynt

Snemma á árinu 2010 myndaðist óvissa um lögmæti erlendra lána vegna mála sem lánþegar höfðu fyrir dómstólum. Þessi óvissa hefur tafið ákvarðanir fjármálafyrirtækja og lántaka. Með dómi Hæstaréttar þann 16. júní 2010 voru tilteknir samningar einstaklinga við eignaleigur dæmdir ólögmætir að því leyti að Hæstiréttur taldi að samningarnir fælu í sér ólögmæta verðtryggingu, en samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu (lög 38/2001) er einungis heimilt að verðtryggja lán í íslenskum krónum með neysluverðsvísitölu. Taldi Hæstiréttur að umræddir samningar væru lán í íslenskum krónum. Í kjölfar dóms Hæstaréttar myndaðist síðan óvissa um hvernig skyldi staðið að endurútreikningi þessara samninga, þ.e. hvaða vöxtum skyldi beita auk óvissu um hvaða aðrir fjármálagerningar kynnu að falla í sama flokk.

Þann 16. september 2010 kvað Hæstiréttur upp dóm um með hvaða vöxtum skyldi endurútreikna samningana. Í desember 2010 voru gerðar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu til að skýra hvernig staðið skyldi að endurútreikningum almennt auk þess sem skilgreint var með lögum að íbúðalán og samningar um bifreiðaviðskipti sem uppfylltu tiltekin skilyrði skyldu endurreiknuð. Með breytingunni var réttur lánþega tryggður með ýmsum hætti, meðal annars til þess að lánin yrðu framvegis verðtryggð, væru þau til lengri tíma en 5 ára.

### Endurútreikningur erlendra lána fyrirtækja

Staða í lok ágúst 2011

Lán sem ákveðið hefur að endurreikna	6937
Endurútreikningi lokið	4.190
Í vinnslu	2.747
Heildarfjöldi fyrirtækja	4.254
Heildarfjárhæð niðurfærslu (ma ISK)	102.151

Heimild: Upplýsingar frá Arion banka, Íslandsbanka, Landsbanka

Áfram var þó til staðar óvissa um lán til fyrirtækja, það er um lögmæti erlendra lána þeirra. Með dómi Hæstaréttar í júní 2011 skýrðust þau mál nokkuð.

## Stærri fyrirtæki

Stærstur hluti útlána fjármálafyrirtækja er til stærri fyrirtækja þ.e. fyrirtækja með skuldir umfram 100 milljónir króna en það er alþjóðlega viðmiðið varðandi stór fyrirtæki. Meirihluti af útlánum banka, sparisjóða og eignaleiga eru til slíkra fyrirtækja. Í raun er meirihluti lánasafns þessara aðila til fyrirtækja sem skulda yfir einn milljarð króna, þ.e.a.s. stórfyrirtækin bera stærstan hluta lánanna. Mál þessara fyrirtækja eru flókin og iðulega koma mörg fjármálafyrirtæki að málum, bæði innlend og erlend. Þessi mál hafa verið unnin hvert fyrir sig og megináherslan verði að hámarka virði lífvænlegra fyrirtækja og færa skuldir að greiðslugetu, eignum og virði trygginga.

Vinna við skuldaúrlausn stærri fyrirtækja er nú langt komin og samkvæmt tölum frá viðskiptabönkunum fimm miðað við lok ágúst sl. var 126 málum lokið og niðurfærslur vegna þeirra námu um 629 milljörðum króna. Um 85 mál voru fullunnin og afgreidd frá lánanefndum en 116 mál voru enn í vinnslu. Fjármálafyrirtæki reikna með að þessari vinnu verði lokið á þessu ári.

### Skuldaúrvinnsla eftir úrræðum

Staða í lok ágúst 2011

	Lokið	Afgreitt frá lána-nefnd	Í vinnslu	Heildarfjárhæð niðurfærslu m.kr
<b>Sértæk úrvinnsla stærri fyrirtækja (&gt;1000 m.kr)</b>	126	85	116	629.029
<b>Beina brautin</b>	448	500	218	65.337
<b>Önnur úrræði f. minni fyrirtæki (&lt;1000 m.kr.)</b>	1.603	248	618	124.214
<b>Samtals</b>	2.177	833	952	818.580

Heimild: Upplýsingar frá Arionbanka, Byr, Íslandsbanka, Landsbanka og MP banka

## Minni fyrirtæki

Fjárhagsleg endurskipulagning minni fyrirtækja komst á skrið í kjölfar samkomulags fjármálafyrirtækja og stjórnvalda í desember 2010 um svokallaða „Beina braut“. Þar var komist að samkomulagi um verklagsreglur við úrlausn skuldavandamála fyrirtækja sem skulda minna en einn milljarð króna og stefnt að því að úrvinnslu og gerð tilboða til þessara fyrirtækja væri lokið fyrir mitt ár 2011. Þetta markmið hefur ekki náðst að fullu en eigi að síður hefur verulegur árangur náðst og útlit er fyrir að úrvinnslu mála

ljúki á þessu ári. Auk þess að beita verklagi „Beinu brautarinnar“ hafa fjármálafyrirtæki beitt öðrum úrræðum í miklum mæli við úrlausn þessara mála, ekki síst endurútreikningi á gengisbundnum lánum. Í lok ágúst var um 2.050 málum lokið og 750 mál höfðu verið afgreidd frá lánanefndum, þ.e. tilboð afgreidd. Um 850 mál voru enn í vinnslu. Tæplega þrjú fjórðu þessara mála voru því komin á það stig sem áformað var með samkomulaginu um „Beinu brautina“. Önnur úrræði en „Beina brautin“ höfðu þó verið notuð í mun meira mæli en „Beina brautin“ sjálf.

## Heimili

Fjármálafyrirtæki hafa unnið að margvíslegum aðgerðum og eftir fjölmörgum leiðum til að takast á við og greiða úr þeim skulda- og greiðsluvanda sem myndaðist hjá heimilum í kjölfar hrunsins. Fyrstu aðgerðir snemma árs 2009 fólst í að frysta endurgreiðslur lána, semja tíma-bundið um óreglulegar greiðslur og lánalengingar og frá vormánuðum 2009 var lánþegum boðin greiðsluþjófning á verðtryggðum og gengisbundnum lánum. Greiðsluþjófning fólst í því að endurgreiðslur lánanna voru tengdar greiðsluþjófningarskýtingu sem mælir launaþróun og atvinnustig. Efnislega felur greiðsluþjófningin í sér að greiðslubyrði á ekki að þyngjast umfram þróun kaupmáttar og atvinnustigs en þeim hluta greiðslu sem á að greiða er frestað til loka lánstímans sem verður því óákveðinn. Um helmingur lánþega nýtti sér greiðsluþjófningu á lánum sínum.

Ljóst var þó að þessar aðgerðir dygðu ekki einar og sér. Fjöldi heimila var í þeirri stöðu að greiðslubyrði var óviðráðanleg og skuldir langt umfram virði eigna. Haustið 2009 var gert samkomulag við stjórnvöld um breytingar á greiðsluþjófningu sem fól í sér að þriggja ára þak var sett á mögulega lengingu láns vegna greiðsluþjófningar. Samhliða þessu gerðu viðskiptabankar og sparisjóðir, lífeyrissjóðir, Íbúðalánasjóður, og önnur fjármálafyrirtæki sem veitt höfðu lán til heimila samkomulag um „sértæka skuldaðlögun“. Sértek skuldaðlögun felur í sér að viðskiptabanki heimilis í greiðslu- eða skuldavanda tekur að sér að leiða heildarendurskoðun á greiðslubyrði og fjárhagsstöðu heimilis. Forsenda var að heimili gæti ráðið við íbúðaskuldir sem væru að lágmarki 90% af metnu virði íbúðarhúsnæðis síns. Skuldir umfram 110% af virði eignar skyldu afskrifaðar að loknu þriggja ára samningstímabili en skuldir milli 110% og þess sem heimilið gat greitt af settar á biðlán og endurgreiðsla þess skoðuð í lok samningstímabilsins.

Mun minni ásókn varð í sértæka skuldaðlögun en vonir stóðu til. Þess í stað virðist stór hópur ýmist hafa leitað eftir opinberri greiðsluþjófningu eða verið í einhvers konar frystingum hjá lánveitendum sínum. Óvissa um lögmæti gengisbundinna lána dró ennfremur úr úrlausn mála en

## Skuldaaðlögun heimila

Staða miðað við lok ágúst 2011

	Umsóknir	Samþykktar	Hafnað	Í vinnslu	Fjárhæð niðurfærslu, m.kr.
<b>110% leið</b>	15.591	8.556	2.005	5.030	27.192
Þar af fjármálafyrirtæki	9.803	7.411	816	1.576	24.005
Þar af ÍLS	5.323	1.065	914	3.344	2.973
Þar af lífeyrissjóðir	465	80	275	110	214
	Umsóknir	Samþykktar	Hafnað	Í vinnslu	Fjárhæð niðurfærslu, m.kr.
<b>Sértæk skuldaaðlögun</b>	1.372	714	87	571	5.585
	Lán sem falla undir endurútr.	Endurútreikningi lokið	Endurútreikningur í vinnslu	Fjöldi heimila	Fjárhæð niðurfærslu, m.kr.
<b>Endurútreikningur gengistryggðra lána</b>					
Íbúðalán	12.738	12.209	529	9.865	92.417
Lán vegna vegna bifreiðaviðskipta	57.268	57.207	61	49.029	38.440
	Fjöldi mála	Lokið	Hafnað	Í vinnslu	Fjárhæð niðurfærslu alls m.kr
<b>Alls 110% + sértæk + endurútreikningur</b>	86.969	78.686	2.092	6.191	163.634

Heimild: SFF

stór hluti þeirra heimila sem voru í erfiðastri stöðu voru með lán í erlendri mynt, ýmist íbúðalán eða bílalán.

Farið var með samræmdum hætti yfir stöðu þessara mála haustið 2010 í sameiginlegri nefnd hagsmunaaðila og stjórnvalda og vandinn kortlagður. Samkomulag var gert í framhaldinu milli stjórnvalda og lánveitenda á íbúðalánamarkaði sem fól í sér eftirtaldar aðgerðir:

- Lántakendum íbúðalána yrði boðið að færa skuldir sínar niður í 110% af virði eignar að tilteknum skilyrðum uppfylltum.
- Gólf á greiðslugetu í sértækri skuldaaðlögun var fært niður í 70% af virði íbúðar, þ.e. heimilum sem gætu ráðið við skuldir sem samsvörðuðu 70% virði íbúðarhúsnæðis síns stæði úrræðið til boða.
- Vaxtabætur yrðu endurskoðaðar og auknar, sérstaklega til tekjulægrir heimila.
- Sérstök vaxtaniðurgreiðsla yrði greidd til heimila árin 2011 og 2012 sem stjórnvöld ættu samstarf um fjármögnun á við aðila samkomulagsins.

Þá voru gerðar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu haustið 2010 sem skýrðu stöðu heimila gagnvart endurútreikningi lána í erlendri mynt.

Þessar aðgerðir hafa leitt til gríðarlegs átaks í úrvinnslu skuldamála heimila. Um 14 þúsund heimili hafa sótt um 110% leiðina og í ágústlok 2011 höfðu 7.000 umsóknir verið afgreiddar, um 2.000 umsóknum verið hafnað en 5.000 umsóknir voru í vinnslu. Þessu til viðbótar höfðu um 1.500 heimili fengið skuldalækkanir á árinu 2010 á grundvelli hliðstæðrar 110% leiðar sem fjármálafyrirtæki

höfðu frumkvæði að. Alls hefur þetta úrræði leitt til lækkunar skulda heimila um 27 milljarða króna en verulegur fjöldi umsókna eru enn í vinnslu, stærstur hluti þeirra hjá Íbúðalánasjóði.

Um 12.700 gengisbundin íbúðalán um 10 þúsund heimila höfðu verið endurreiknuð í lok júlí og um 59 þúsund bílalán um 40 þúsund heimila. Gengisbundin íbúðalán hafa með endurútreikningi verið lækkuð um 92 milljarða króna og bílalán um 38 milljarða króna. Þessum endurútreikningi er að mestu lokið.

Málum í sértækri skuldaaðlögun hefur fjölgað. Rúmlega 700 mál hafa verið afgreidd en rúmlega 600 mál eru enn í vinnslu. Um 100 umsóknum hefur verið hafnað.

### Svigrúm til afskrifta og niðurfærsla lána

Þessar tölur um niðurfærslu og endurútreikning lána endurspeglar þann kostnað sem starfandi fjármálafyrirtæki hafa gjaldfært vegna heimila í greiðslu- og skuldavanda. Auk þessa hafa starfandi fjármálafyrirtæki fært niður útlán og aðrar kröfur á heimili í tengslum við gjaldþrot eða munu þurfa að gera það á næstu misserum. Við gjaldþrot tapast kröfur að hluta eða öllu leyti.

Verulegur hluti útlána gömlu bankanna varð eftir í þrotabúum þeirra, sérstaklega innlend útlán sem talin voru að mestu glötuð. Nýju bankarnir þrír keyptu hluta af útlánum föllnu bankanna á gengi sem tók meðal annars mið af líkum á endurheimtum í ljósi greiðslugetu, trygginga og efnahagsaðstæðna. Aðrir lánveitendur hafa þurft að gera endurmat á eignum sínum, í ljósi breyttra aðstæðna og kemur það endurmat m.a. fram í framlögum í afskriftareikn-

ing útlána. Þessar stærðir, þ.e. samtala afskriftaframlaga og mismunar nafnverðs og kaupverðs eru áætlanir um þann útlánaskaða sem búist var við að eignabólan í aðdraganda hrunsins og hrunið sjálft myndi leiða til. Þessum niðurfærslum er nú verið að ráðstafa í tengslum við úrvinnslu á vanskilamálum í lánasófnum fjármálafyrirtækja.

Sum mál leysast með fjárhagslegri endurskipulagningu en önnur mál munu leiða til gjaldþrots skuldara eða fjárnáms á veðsettum eignum. Hér skiptir máli hvort fyrirtæki eru lífvænleg og hvort heimili hafa burði til að ráða við eðlilega skuldsetningu á íbúðarhúsnæði. Ofangreindar tölur um niðurfærslu lána í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu endurspeglar því aðeins hluta af þeirri niðurfærslu á lánum sem fjármálafyrirtæki hafa gert eða þurfa að gera á næstu misserum. Stór hluti þeirra mun koma fram við gjaldþrot þegar ljóst er að greiðslugeta er ekki til staðar. Á árinu 2010 voru um þúsund fyrirtæki

tekin til gjaldþrotaskipta og fyrstu sjö mánuði ársins 2011 var svipaður fjöldi gjaldþrota.

Árangurlaus fjárnám eru að líkindum besti mælikvarðinn á umfang vanda þeirra heimila sem lenda í þroti með sín fjármál. Fjármálafyrirtæki og aðrir kröfuhafar hafa almennt engan hag að því að kalla eftir gjaldþroti einstaklinga eða heimila. Í langflestum tilvikum er látið nægja að krefjast fjárnáms eða uppboðs á eignum sem settar hafa verið til tryggingar lánum. Samanburður við fyrri ár sýnir að talsverð aukning hefur orðið á gjaldþrotum fyrirtækja á árunum eftir hrun, en þó ef til vill minni en búast mátti við. Sömu leiðis hefur orðið aukning á árangurslausum fjárnámum, sérstaklega á árinu 2010, en árin 2008–2009 er fjöldi árangurslausra fjárnáma svipaður og árin fyrir hrun. Um 1.400 eignir voru seldar á uppboðum á árinu 2010 en árið 2003, sem var lokaár síðustu niðursveiflu, voru 1.040 eignir seldar á uppboði.

## Fjármálafyrirtækin: ógnir og tækifæri Hvað segja stjórnarformennirnir?

### Gunnar Helgi Hálfðánarson form. bankaráðs Landsbankans

Tækifæri: Landið hefur upp á miklar auðlindir að bjóða og við búum yfir mikilli þekkingu á nýtingu þeirra, þannig að tækifæri í nýsköpun á því sviðinu eru mörg. Hvað fjármálakerfið varðar, þá er ljóst að það þarf að hagræða í bankakerfinu til að gera það samkeppnishæfara og laða þarf til landsins erlenda fjárfestingu.

Dreifðara eignarhald á fjármálafyrirtækjum í landinu getur, ef vel tekst til, stuðlað að endurreisn hlutabréfmarkaðar og fjölgun fjárfestingakosta, atvinnulífi, fjármálafyrirtækjum og almennum viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna til hagsbóta.

Ógnir: Í fyrsta lagi er aukin hætta á að áhrif hinnar alþjóðlegu skuldakreppu vaxi og dreifist víðar á næstu mánuðum, valdi verðfalli á hlutabréfamörkuðum, og almennum samdrætti í efnahagslífi stærstu hagkerfa heimsins, þ.á m. Evrópu, helsta viðskiptasvæði Íslendinga. Verði sú raunin dregur sjálfkrafa úr hagvexti hér á landi sem hægir á viðreisn atvinnulífsins og gerir uppbyggingu og úrvinnslu skuldamála erfiðari viðureignar. Fylgífiskur skuldakreppunnar, gjaldeyriskreppa, gæti jafnframt valdið verulegri hækkun verðbólgu hér á landi þegar frá líður. Í öðru lagi er það mín skoðun að það felist hætta fyrir þjóðfélagið allt í núverandi frumvarpi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða eins og reyndar allir sem sent hafa frá sér umsögn um frumvarpið, eru sammála um. Í þriðja lagi má nefna ósamstillt skilaboð stjórnvalda og fjármálafyrirtækja gagnvart þeim sem eiga í skuldavanda. Mikilvægt er að skilaboð stjórnvalda og óljós fyrirheit um betri kosti dragi ekki úr vilja aðila til að koma skipulagi á sín mál og horfa til framtíðar.



# Álögur aukast en kerfið dregst saman

## Opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2003–2012

Gögn ná til allra aðildarféлага SFF

Rekstrarárið, milljónir króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Áætlun	Lausleg Áætlun
									2011	2012
Tryggingarsjóður innstæðueigenda	366	459	506	914	1.316	3.068	2.415	2.421	4.200	4.600
Vaxtaniðurgreiðsla									2.100	2.100
Tryggingagjald	1.002	2.018	1.467	1.962	2.312	2.972	2.204	2.681	3.052	3.300
Álagður tekjuskattur	1.926	1.690	4.572	12.265	17.524	17.421	8.370	20.780	12.714	12.714
Fasteinagjöld	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	639	733	317	330	350
Eftirlitsgjald*	212	236	238	349	483	665	538	654	1.081	1.395
Viðbótareftirlit**	0	0	0	0	0	273	1.824	183	19	
Fjármálaeftirlit samtals	212	236	238	349	483	938	2.363	837	1.100	1.395
Bankaskattur***	0	0	0	0	0	0	0	994	1.086	1.100
Ráðgjafastofa heimilanna	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	20	26	18	1	
Umboðsmaður skuldara	0	0	0	0	0	0	0	229	626	626
Nýr launaskattur (10,5% af launum)										4.500
<b>Samtals</b>	<b>3.506</b>	<b>4.403</b>	<b>6.783</b>	<b>15.490</b>	<b>21.635</b>	<b>25.059</b>	<b>16.111</b>	<b>28.277</b>	<b>25.209</b>	<b>30.685</b>
% aukning milli ára		26%	54%	128%	40%	16%	-36%	76%	-11%	22%
Samtals ótekjutengd gjöld	1.580	2.713	2.211	3.225	4.111	7.638	7.741	7.497	12.495	17.971
% aukning milli ára		72%	-18%	46%	27%	86%	1%	-3%	67%	44%

Heimild: SFF


Áætlun 2011 er byggð á upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum, FME, UMS og TIF

Áætlun 2012 er byggð á upplýsingum úr fjárlagafrumvarpi, rekstraráætlunum FME, UMS og TIF. Tekjuskattur er áætlaður sá sami og 2011

Útlit er fyrir að opinber gjöld fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að Samtökum fjármálafyrirtækja muni á þessu ári nema um 25,2 milljörðum króna. Eru þá meðtaldir áætlaðir tekjuskattar sem félögin greiða að fjárhæð 12,7 milljarðar króna. Ótekjutengd gjöld nema alls 12,5 milljörðum króna. Nánari sundurliðun þessara gjalda má sjá í meðfylgjandi töflu.

Ótekjutengd gjöld, þ.e. gjöld og skattar sem lögð eru á óháð stærð fjármálakerfisins, hafa vaxið hratt á undanförunum árum eða um ríflega 8 milljarða króna milli árunna 2007 og 2010.

### Ótekjutengd gjöld fjármálafyrirtækja




Heimild: SFF

Nýir bankaskattar, lagðir á árin 2010 og 2011, skýra um 3,1 milljarð króna þessarar aukningar. Þessir skattar leggja á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Stóruauknar iðgjaldagreiðslur til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) hafa aukist um 1,9 milljarða króna frá 2007. Þá hefur kostnaður við rekstur Fjármálaeftirlits (FME) og nú undanfarin tvö ár rekstur embættis umboðsmanns skuldara (UMS) vaxið hratt. Á þessu ári stefnir í að kostnaður vegna rekstrar þessara stofnana muni nema um 2,7 milljörðum króna.

Áfram er reiknað með hækkun þessara gjaldaliða á árinu 2012. Þannig gæti kostnaður við rekstur FME og UMS numið tæpum 3 milljörðum króna á næsta ári samkvæmt fyrirbyggjandi rekstraráætlunum. Iðgjöld í TIF gætu numið 4,6 milljörðum króna.

Til viðbótar áforma stjórnvöld að leggja á enn nýjan skatt þar sem gjaldstofninn er launakostnaður fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða. Sá skattur á samkvæmt fjárlagafrumvarpi að skila ríkissjóði 4,5 milljörðum króna árið 2012. Í heild gætu opinber gjöld aðildarfyrirtækja SFF án tekjuskatta á næsta ári numið um 18 milljörðum króna. Hér er um gríðalega háa skattlagningu að ræða í hlutfalli við launakostnað fjármálafyrirtækjanna, sem er um 45 milljarðar króna á ári. Þá var, svo dæmi sé tekið,

vaxtamunur bankanna stóru þriggja um 80 milljarðar króna á árinu 2010. Í heild eru þessar álögur verulega íþyngjandi fyrir fjármálakerfið. Þær bitna á skuldsettum heimilum, draga úr samkeppishæfni fjármálakerfisins gagnvart erlendum samkeppnisaðilum og torvelða sölu eignarhluta í innlendum bönkum á næstu misserum.



Mikil umræða er enn á alþjóðavettvangi um fyrirkomulag skattlagningar á fjármálafyrirtæki. Skattlagning fjármálafyrirtækis og aðrar opinberar álögur svo og fjármögnun opinbers eftirlits hafa aukist mikið síðustu misseri. Í kjölfar fjármálakreppunar hefur víða um heim komið upp sú krafa stjórnvalda að fjármálageirinn þurfi að leggja fé til samfélagsins og mynda sjóði sem ætlað er mæta áföllum á fjármálamörkuðum í framtíðinni. Tryggja þarf að álögur á fjármálageirinn verði honum ekki ofviða. Mikilvægt er að Ísland verði öðrum löndum samstíga í útfærslu þessara hugmynda. Hin nýi launaskattur fellur ekki þar undir heldur er þar horft þröngu sjónarhorni á sérstakt fyrirkomulag í Danmörku, sem þegar betur er að gáð er engan veginn samanburðarhæft.

## Skattar

### Bankaskattur

Í desember 2010 var lögfestur sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, svokallaður bankaskattur, sem nemur 0,041% af heildarskuldum viðkomandi fjármálafyrirtækis í lok tekjuárs. Markmið laganna er tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta kostnaði sem féll á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna kerfisáhættu sem áhættusöm starfsemi fjármálafyrirtækja getur haft í för með sér fyrir þjóðarbuíð.

Skatturinn var tekinn upp samkvæmt fyrirmynd frá öðrum ríkjum í Evrópu. Fjölmeiri Evrópulönd hafa tekið upp sambærilegan skatt og má þar nefna Austurríki, Belgíu, Bretland, Danmörku, Frakkland, Kýpur, Svíþjóð og Þýskaland. Í sumum þessra ríkja svo sem í Svíþjóð og Kýpur rennur

skatturinn í sérstakan sjóð sem ætlaður er til að mæta áföllum í fjármálafyrirtækis starfsemi í framtíðinni en í öðrum ríkjum rennur hann í tryggingarsjóð innstæðueigenda svo sem í Belgíu, Danmörku og Þýskalandi. Hér á landi rennur skatturinn beint í ríkissjóð og er hann því ekki eyrnamerkur til ráðstöfunar til uppbyggingar fjármálakerfisins. Önnur Evrópuríki sem hafa þennan hátt eru Austurríki, Bretland og Portúgal.

Í lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki kemur fram að endurskoða skuli lögin innan árs frá gildistöku þeirra og því má ætla að um tímabundna skattlagningu sé að ræða. Lögin voru tekin til endurskoðunar aðeins hálfu ári eftir gildistöku en síðastliðið vor var skattprósentan vegna ársins 2011 hækkuð í 0,0875% af skattstofni, með bráðabirgðaákvæði, til að standa straum af hlut fjármálafyrirtækja í fjármögnun sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu að fjárhæð 2,1 milljarðar króna sem ætlað var að koma til móts við skuldsett heimili.

Stjórnvöld rökstuddu hækkingu bankaskattsins með því að vísa til viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, fjármálafyrirtækja á íbúðalánamarkaði og lífeyrissjóðanna frá 3. desember 2010. Í yfirlýsingunni kemur fram að ríkisstjórnin muni í samstarfi við aðila yfirlýsingarinnar leita leiða til að „fjármagna“ nýja tegund vaxtaniðurgreiðslu en ekki var talað um skattlagningu. Í þeim efnum var sérstaklega horft til fjármögnunarmöguleika í gegnum gjaldeyrisútboð, en það ferli hófst af hálfu Seðlabanka Íslands í maí á þessu ári. SFF bentu á í umsögn um frumvarpið að farsælast væri að láta reyna á hvort sú áætlun gæti ekki gengið eftir þannig að fjármögnun yrði lokið fyrir 1. nóvember 2011, en að öðrum kosti yrði hægt að grípa til lagasetningar á haustþingi.

Fyrirgreind viljayfirlýsing horfir til íbúðalána, en hinn sérstaki bankaskattur leggst ekki einungis á banka og sparisjóði á íbúðalánamarkaði heldur einnig á kortafyrirtæki, fjárfestingarbanka og eignaleigur þó að þessi síðastnefndu fyrirtæki hafi ekki komið að gerð viljayfirlýsingarinnar. Að sama skapi eru aðilar sem enn eru starfandi á íbúðalánamarkaði og hafa tekið þátt í þeim aðgerðum sem yfirlýsingin byggir á undanþegnir skattinum (fjármögnuninni), s.s. Drómi sem er með töluverða hlutdeild á íbúðalánamarkaði en lögin undanþiggja fjármálafyrirtæki í slitameðferð skattinum. SFF lögðu til að fjármálafyrirtæki í slitameðferð fellu undir lögin auk íbúðalánasjóðs sem er með um 65% íbúðalánamarkaðarins. Vegna mikillar markaðshlutdeildar ríkissins töldu SFF eðlilegt að hlutdeild ríkissins í fjármögnuninni væri hærri. Í því samhengi vöktu SFF einnig athygli á að Eftirlitsstofnun EFTA kynni að hafa áhyggjur af því út frá ríkisstýrjareglum að í slíki sérgreindri íþyngjandi lagasetningu sé stærsti aðilinn á markaði íbúðalána undanþeginn.

Athygli vekur að í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í júní síðastliðinn um skattamál á Íslandi er lagt til að bankaskattur verði festur í sessi til framtíðar hérlendis.

### Tekjuskattur og tryggingargjald

Fjármálafyrirtæki greiða eins og önnur fyrirtæki tekjuskatt og ýmis önnur opinber gjöld. Áætlað er að tekjuskattar í ríkissjóð af fjármálastarfsemi vegna ársins 2011 verði 12,7 milljarðar króna og tryggingargjald geirans er áætlað 3,1 milljarðar króna.

### Nýr launaskattur

Hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og G20 ríkjunum hefur frá síðasta ári verið til umræðu sá möguleiki að leggja á fjármálafyrirtæki svokallaðan fjármálaþjónustuskatt „Financial Activities Tax (FAT)“. Í stuttu máli er FAT-skatturinn hugsaður sem skattur á laun og hagnað fjármálafyrirtækja og váttryggingafyrirtækja. Skattlagningin hefur verið rökstudd með því að þar sem fjármálageirinn sé að miklu leyti undanþeginn virðisaukaskattskyldu sé eðlilegt að skattleggja virðisauka geirans með öðrum hætti, og að laun og hagnaður séu mælikvarði á virðisauka í þeim geira.

Hér á landi er fjármálageirinn undanþeginn virðisaukaskatti. Undanþágan tekur aðeins til eiginlegrar þjónustu fjármálafyrirtækja en ekki til annarrar þjónustu sem þau kunna að veita sem ekki fellur undir fjármálastarfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Því er „eigin þjónusta“ fjármálafyrirtækja virðisaukaskattskyld að svo miklu leyti sem hún er í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Má sem dæmi nefna ýmsa stoðþjónustu innan fjármálafyrirtækja svo sem starfsemi tölvudeilda, ræstingu, öryggisþjónustu og viðhaldsstarfsemi.

Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslenska skattakerfið frá því í júní síðastliðinn er lagt til að íslensk stjórnvöld taki upp skattlagningu á laun og hagnað í fjármálageiranum (FAT), en afnemi skattlagningu á „eigin þjónustu“ fjármálafyrirtækja. Í skýrslunni er tekið fram að slíkur skattur á fjármálaþjónustu þurfi að vera lægri en virðisaukaskattur og 5% nefnd sem möguleg skattþröskota.

Eins og fram kom í upphafi þessa kafla áforma íslensk stjórnvöld nú að leggja slíkan FAT skatt á fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög og lífeyrissjóði hér á landi, með vísun til dansks fordæmis, og ráðgert að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi fljótlega. Þegar hefur verið áætlað fyrir slíkum skatttekjum uppá 4,5 milljarða króna í fjárlögum fyrir næsta ár og sama fjárhæð fyrir árin þar á eftir. Í viðræðum SFF við fjármálaráðuneytið hefur komið fram að þar á bæ sé skilningur á mikilvægi þess að skerða ekki samkeppnishæfni einstakra atvinnugreina um of og í ljósi þess hafi verið horft til FAT skattsins sem hafi verið í umræðunni að taka upp innan ESB. Nýverið varð það hins vegar ljóst að ESB hefur horfið frá öllum hugmyndum um slíkan FAT skatt og er nú að skoða möguleikann á að koma á svokölluðum Financial Transaction Tax (FTT), sem leggist á viðskipti með verðbréf og afleiður. Það mál er þó enn einungis á umræðustigi og ómögulegt á þessu stigi að segja hvað kemur út úr þeim vangaveltum.

Danski skatturinn sem íslensk stjórnvöld horfa til, svokallaður „lønsumsafgift“ eða launaskattur nemur 10,5% af launastofni fjármálafyrirtækja í Danmörku, en er jafnframt lagður á aðra atvinnustarfsemi sem ekki er virðisaukaskattskyld þótt skatthlutfallið sé mismunandi. Dönskum fjármálafyrirtækjum er heimilt að draga innskatt af keypum aðföngum frá skattstofninum áður en skattur-

## Fjármálafyrirtækin: ógnir og tækifæri

### Hvað segja stjórnarformennirnir?

#### Halla Tómasdóttir stjórnarformaður Auðar Capital

Í nærumhverfinu tel ég vanhugsaðar aðgerðir stjórnvalda vera helstu ógn fjármálageirans og atvinnulífsins almennt. Við virðumst hafa farið úr einum öfgum í aðrar og eigum afskaplega erfitt með að finna heilbriggt jafnvægi. Áður voru skattar lágir og einfaldir og þó að flestir geri sér grein fyrir því að erfiðar aðstæður kalla á skattahækkanir, þá fallast fólki gersamlega hendur yfir þeim 100 breytingum sem gerðar hafa verið á skattkerfinu undanfarin misseri.

Í fjærumhverfinu veldur efnahagsástandið í heiminum og vanmáttur alþjóðlegra leiðtoga til að taka á því ástandi auknum áhyggjum. Stærsta tækifæri Íslendinga felst að mínu mati í því að taka höndum saman í þessu smáa samfélagi og móta öfgalaus stefnu sem getur skilað þjóðinni allri farsæld til framtíðar.





inn er reiknaður út. Það er ólíkt þeim hugmyndum sem hételend stjórnvöld hafa kynnt.

Stærsti munurinn á danska skattinum og hugmyndum íslenskra stjórnvalda um slíkan skatt hér á landi er þó að í Danmörku var tryggingargjald aflagt árið 1988 til að auka samkeppnishæfni þarlendra fyrirtækja. Hér á landi myndu hins vegar fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög greiða 8,65% tryggingargjald, auk hins boðaða 10,5% skatts eða samlagt 19,15% skatt ofan á laun. Það á öllum að vera ljóst að slíkur ofurskattur á launakostnað getur ekki gengið upp og mun bitna harkalega á fjármálafyrirtækjum hér á landi. Hann mun gera minni aðilum á þessum markaði sérlega erfitt fyrir og stærri aðilar munu þurfa að bregðast hratt við og skoða allan rekstarkostnað til framtíðar með slíka skattbyrði að leiðarljósi. Hann mun þannig fara langt með að lama samkeppnishæfni íslensks fjármálageira. Þegar upp er staðið mun svo slíkur skattur eins og annar opinber kostnaður leggjast á íslensk heimili.

Ætla verður að AGS mundi endurskoða sína afstöðu til slíks skatts nú þegar raunin er sú að FAT er ekki það skattamódel sem evrópskur fjármálageiri ætlar að fylgja.

## Önnur opinber gjöld

Opinber gjöld fjármálafyrirtækja, önnur en skattar, hafa margfaldast eftir efnahagshrunið 2008.

### Tryggingarsjóður innstæðueigenda

Löggjafinn gerði grundvallarbreytingu á starfsemi Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta síðastliðið vor þegar lögfest var ný og sjálfstæð deild sjóðsins. Gert er ráð fyrir að iðgjöld sjóðsins skuli standa undir framtíðar sjóðsmyndun hans og rekstrarkostnaði og þannig brugðist við þeim aðstæðum sem upp komu á fjármálamarkaði við efnahagshrunið með sambærilegum hætti og gert hefur verið í Evrópu. Breytingin felur í sér að innlánsstofnanir greiða sérstakt gjald vegna ársins 2011. Áætlaður kostnaður bankakerfisins vegna breytingarinnar er 4,2 milljarðar kr. á árinu 2011. Er það tæp tvöföldun frá árinu á undan þegar framlög fjármálafyrirtækja í sjóðinn voru um 2,4 milljarðar. Að óbreyttu stefnir í að iðgjöld til sjóðsins verði 4,6 milljarðar króna á árinu 2012. Líklegt er að endurskoða þurfi svo mikla hækkun tryggingargjaldsins í ljósi hugmynda um aukna skattheimtu á fjármálageirann.

### Eftirlitsgjöld til Fjármálaeftirlits


Á síðustu misserum hefur gjaldtaka Fjármálaeftirlitsins stórukist frá því sem áður var. Hefðbundið eftirlitsgjald FME hefur þrefaldast frá árinu 2007 til 2011 þrátt fyrir að áætla megi að fjármálakerfið sé um fjórðungur og

bankakerfið sé um fimmtungur af fyrri stærð fyrir efnahagshrunið. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis frá apríl 2010 er fámennnt Fjármálaeftirlit nefnt sem einn af þeim þáttum sem skipt hafi máli í þeirri atburðarás sem varð. Var horft til þess að eftirlitið óx mun hægar en fjármálageirinn sjálfur.

Við efnahagshrunið skrapp fjármálageirinn saman en eftirlitsgjöld jukust stórlega. Auk hefðbundins eftirlitsgjalds sem innheimt er af eftirlitsskyldum aðilum, einkum fjármálafyrirtækjum, innheimtir FME gjöld vegna ýmissrar starfsemi sem ekki telst þáttur í reglubundnu eftirliti. Má sem dæmi nefna þjónustugjöld vegna vinnu við veitingu starfsleyfa, heimilda til samruna og tilkynninga um virkan eignarhlut. Þá hefur stjórn FME lagaheimild til að leggja sérstakt (þjónustu)gjald á eftirlitsskylda aðila í undantekningatilfellum fyrir nauðsynlegt umframeftirlit telji FME að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit gerir ráð fyrir. Sú heimild hefur verið nýtt í ríkum mæli frá bankahruni.

Þá hefur FME í vaxandi mæli skipað utanaðkomandi sérfræðinga til eftirlits með eftirlitsskyldum aðilum til lengri eða skemmri tíma á grundvelli heimildar í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Dæmi eru um að skipaðir séu fleiri en einn sérfræðingur með fyrirtæki á sama tíma og að sérfræðingur sé endurskipaður ítrekað. Greiðsla fyrir vinnu slíkra sérfræðinga hefur verið lögð á fyrirtækin og framkvæmdin yfirleitt verið á þann hátt að sérfræðingunum hefur verið tilkynnt að þeir skuli gera viðkomandi fyrirtækjum reikning fyrir störf sín án þess að fyrirtækið hafi neitt um það að segja. Þessi viðbótargjöld hafa numið verulegum fjárhæðum undanfarin ár. Samtals hafa viðbótargjöld numið um 2.200 milljónum króna árin 2008 til 2011. Samkvæmt rekstraráætlun FME er áætlaður rekstrarkostnaður FME á árinu 2012 um 2.050 milljónir króna en endurskoðuð áætlun fyrir árið 2011 sýnir rekstrarkostnað að fjárhæð 1.826 milljónir króna. Hlutur aðildarfyrirtækja SFF í þeim kostnaði er um 1.400 milljónir króna á árinu 2012 en 1.100 milljónir króna árinu 2011.

Greiðslur fjármálafyrirtækja til FME



Heimild: SFF

Ekki er óeðlilegt við þær aðstæður sem sköpuðust við efnahagshrunið að efla hafi þurft starfsemi FME en nú þegar rykið er að setjast og horfa þarf til framtíðar og byggja upp fjármálamarkað að nýju er mikilvægt að stilla eftirlitskostnaði í hóf þannig að hann sé í eðlilegu hlutfalli við stærð fjármálageirans.


### Umboðsmaður skuldara

Embætti umboðsmanns skuldara var stofnað haustið 2010 með lögum um umboðsmann skuldara. Embættið var byggt á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem hafði verið starfrækt frá 1996 á grundvelli samkomulags hins opinbera, aðila á lánamarkaði o.fl. Stofnun embættisins hafði þann tilgang að bregðast við auknum fjárhagsvanda einstaklinga í kjölfar efnahagshrunsins þegar fjárhagsstaða margra versnaði mjög vegna samdráttar á vinnumarkaði, gengislækkunar krónunnar og hækkunar verðlags í kjölfarið vegna verðbólgu sem leiddi aftur til hækkunar á afborgunum verðtryggðra lána. Óhagstætt gengi krónunnar leiddi til þess að eftirstöðvar og afborganir lána í erlendri mynt hækkðu umtalsvert. Erfitt var að selja fasteignir þannig að margir lántakendur sátu uppi með yfirveðsettar eignir sem þeir gátu ekki greitt af eða selt. Í ljósi þessa þótti mikilvægt að koma aðstoð við skuldara í sterkara og skýrara form en verið hafði.

Í lögum um umboðsmann skuldara er mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir standi

straum af þessum kostnaði í hlutfalli við útlánastarfsemi með greiðslu sérstaks gjalds. Á árinu 2009 voru gjöld fjármálafyrirtækja vegna reksturs Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna 26 milljónir króna en á árinu 2010 fór kostnaðurinn upp í 229 milljónir króna.

### Greiðslur fjármálafyrirtækja til ríkisstofnana um skuldaúrlausn



Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að kostnaður af rekstri embættis umboðsmanns skuldara verði um 840 milljónir króna samkvæmt rekstraráætlun embættisins, en embættið er nú með um 80 starfsmenn og enn er gert ráð fyrir vexti í starfseminni. Hlutur fjármálafyrirtækja í þeim kostnaði er 626 milljónir króna Samkvæmt rekstraráætlun fyrir árið 2012 kemur kostnaður við rekstur embættisins til með að verða ríflega 1.050 milljónir króna.

## Fjármálafyrirtækin: ógnir og tækifæri Hvað segja stjórnarformennirnir?

### Friðrik Sophusson stjórnarformaður Íslandsbanka

Tækifærin framundan eru mörg og byggjast fyrst og fremst á því að fjármálafyrirtækin endurheimti traust almennings. Þróunin verður án efa í átt til færri en stærri og sterkari banka. Slík hagræðing er nauðsynleg til að styrkja samkeppnishæfnina og gefur bönkunum tækifæri til að efla enn frekar þjónustu sína við viðskiptavinina. Endurreisn fjármálamarkaðarins kemur fjármunum á hreyfingu þannig að þeir liggja ekki inni á bankabókum heldur fari í fjárfestingu í atvinnulífinu. Þannig má skapa mörg ný tækifæri.

Óvissa og áframhaldandi stöðnun í efnahagslífinu eru helstu ógnir sem fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir. Fjármálamarkaðurinn um allan heim á í erfiðleikum, sem þrátt fyrir gjaldeyrishöft, munu fyrr eða síðar hafa áhrif hér á landi. Íslensku bankarnir starfa í óvissuástandi m.a. vegna þess að réttaróvissa ríkir um eignastöðuna í ljósi mögulegra málaferla og ekki er vitað hvort eða hvaða breytingar verða gerðar á stjórn fiskveiða. Þá fer rekstrarkostnaður fjármálafyrirtækjanna vaxandi frá ári til árs sökum nýrra gjalda og hærri skatta.



# Umgjörð váttryggingastarfsemi

Umfangsmikil endurskoðun á reglum um gjaldþol váttryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu stendur yfir, en núverandi reglur eru frá árinu 2002. Bent hefur verið á nauðsyn þess að draga fram í umræðunni hversu ólík váttryggingastarfsemi er annarri fjármálastarfsemi í eðli sínu. Þegar nýtt regluverk og eftirlit með váttryggingastarfsemi er hannað er mikilvægt að þær stofnanir og ríki sem því verki sinna hafi góðan skilning á uppbyggingu og áhættuþáttum í rekstri váttryggingafélaga.

Hertar reglur í hinum ýmsu greinum fjármálastarfsemi eiga í mörgum tilvikum ekki við um váttryggingastarfsemi og því þurfa stjórnvöld hér á landi eins og annars staðar í Evrópu að forðast að leggja á óþarfa þyngjandi byrðar sem geta haft slæm áhrif á rekstur váttryggingafélaga. Við innleiðingu breytinga hér á landi skiptir öllu að fylgja Evrópu að málum, en fara ekki séríslenskar leiðir sem eru til þess fallnar að skerða samkeppnishæfni hérlends váttryggingamarkaðar.

## Auknar kröfur með Solvency II tilskipuninni

Rammatilskipun Evrópusambandsins undir heitinu Solvency II var samþykkt vorið 2009 og er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins nú að vinna að tæknilegri útfærslu hennar. Von er á að innleiðingaraðgerðir verði kynntar í lok þessa árs, en tilskipunin tekur gildi 1. janúar 2013.

Solvency II hefur áhrif á gjaldþolskröfur sem gerðar eru til váttryggingafélaga með það að markmiði að auka vernd váttryggingataka. Auknum kröfum er ætlað að draga úr líkum á tapi neytenda eða truflunum á markaði. Gerð er krafa til fleiri áhættuþátta en í núgildandi gjaldþolsreglum. Solvency II snýr að áhættu í váttryggingarekstri og að fyrirtæki hafi stjórn á áhættum sínum og að eigið fé sé nægilegt ef áhættan verður raunveruleg. Solvency II er ætlað að leggja sitt að mörkum til að ná virkum og traustum váttryggingamarkaði. Tilskipunin á einnig að gera eftirlitsaðilum auðveldara fyrir við að öðlast dýpri skilning á áhættum markaðarins, stjórn og eftirliti.

Solvency II skiptist í þrjár stoðir. Hver stoð tekur til mismunandi þátta þeirra krafna sem gerðar eru.

Solvency II tilskipunin tekur til allra váttryggingafélaga með iðgjöld umfram 5 milljónir evra eða með váttryggingaskuld umfram 25 milljónir evra. Útreikningar gjaldþolskrafna geta oft verið flóknir en reynt er að taka tillit til smærri váttryggingafélaga með því að heimila þeim að nota einfaldari aðferðir.

## Solvency II

STOÐ 1	STOÐ 2	STOÐ 3
Kröfur um mat á eignum og skuldum, viðurkenndir eiginfjárliðir, útreikningur váttryggingaskuldar og gjaldþolskrafna	Kröfur um viðeigandi stjórnarhætti og eftirlitsferla	Kröfur um upplýsingagjöf til stjórnvalda og markaðar

Heimild: SFF

Helstu breytingar sem felast í Solvency II eru þær að gjaldþolsreglur verða áhættumiðaðri (risk based). Það þýðir að váttryggingafélög sem taka mikla áhættu eða eru með slaka áhættustýringu þurfa að gangast undir hærri gjaldþolskröfur en félög sem taka minni áhættu eða eru með góða áhættustýringu. Núgildandi reglur taka nær eingöngu mið af umfangi starfsemi váttryggingafélaga og eru ekki áhættumiðaðar. Solvency II gerir ráð fyrir tvennskonar gjaldþolskröfum, annars vegar almennri gjaldþolskröfu (SCR) og hins vegar lágmarks gjaldþolskröfu (MCR).

Í tengslum við mótun endanlegrar tilskipunar hafa áhrif hennar verið metin með sérstökum álagsprófum (Quantitative impact studies). Niðurstöður þeirra sýna að evrópski váttryggingageirinn er fjárhagslega sterkur þrátt fyrir erfitt umhverfi og að eiginfjárstaða evrópskra váttryggingafélaga, í samanburði við eiginfjárkröfur Solvency II, er enn í góðu ástandi.

Hér á landi tóku öll váttryggingafélög sem falla undir Solvency II þátt í síðusta álagsprófi, QIS5. FME hafði umsjón með því ferli. Niðurstöður voru að váttryggingafélög hér á landi eru almennt vel undirbúin fjárhagslega til að standast kröfur Solvency II. Niðurstöðurnar sýna að innlend váttryggingarfélög eiga um 15 milljarða króna umfram almennu gjaldþolskröfurnar og 33 milljarða króna umfram lágmarksgjaldþolskröfu (MCR) Solvency II. FME hefur gefið út að prófunin hafi tekist vel hér á landi og leggur áherslu á að undirbúningi fyrir innleiðingu Solvency II verði lokið á næsta ári.

Evrópsku váttryggingasamtökin (CEA), sem SFF eiga aðild að, telja að QIS5 sýni fram á að ef fjárhagsleg staða evrópsks váttryggingageira eigi að haldast áfram í góðu ástandi þurfi að gera tilteknar breytingar á Solvency II. CEA, evróska váttryggingaefirlitið (EIOPA) og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eru sammála um að helstu atriði sem þurfi að bæta séu flækjustig ákveðinna

útreikninga og krafna í tilskipuninni. Þetta er mikilvægt að leysa svo unnt sé að innleiða Solvency II, sérstaklega fyrir minni váttryggingafélög.

CEA hafa nýlega birt lista með helstu áhyggjuefnum í sambandi við Solvency II. Þar má nefna:

- Meðferð langtíma viðskipta og ábyrgða. Mikilvægt að finna lausn sem gerir váttryggjendum kleift að halda áfram að bjóða langtíma sparnaðar- og lífeyrisvörur.
- Mikilvægt að áætlaður hagnaður í framtíðar iðgjöldum falli undir tier 1.
- Útfærsla tæknilegra ákvæða sé mjög flókin, sérstaklega fyrir lítil og meðalstór félög. Því sé þörf á viðeigandi bráðabirgðaaðferðum til að koma í veg fyrir truflanir á markaði.

Solvency II felur einnig í sér auknar kröfur til stjórnarhátta váttryggingafélaga, sem lykilatriði í nýju áhættumati. Nýjar kröfur til stjórnarhátta hafa það hlutverk að tryggja nægilegt gjaldþol og að stjórnkerfi sé nægilega öflugt.

Gildistaka Solvency II hefur þannig í för með sér stór viðfangsefni fyrir váttryggingafélög, ekki aðeins þegar kemur að eiginfjárkröfum heldur einnig þegar kemur að innra ferli fyrirtækjanna og kröfum til stjórnarhátta og eftirlitsferlis. Það er því mikilvægt að vandað sé til verks svo regluverkið endi ekki á að hafa öfug áhrif á markaðinn. Það er bæði hagur váttryggingafélaga og viðskiptavina þeirra að regluverkið sé sanngjarnt og íþyngi váttryggingarfélög-

um ekki að óþörfu. Að öðrum kosti verður fórnarkostnaður af hinum nýju reglum meiri en ávinningurinn af þeim.

## Hvítbók um tryggingarsjóð váttryggingafélaga

Í júlí 2010 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins pakka með aðgerðum ætluðum til að auka öruggi neytenda og trú þeirra á fjármálaþjónustu. Þessi pakki innihélt m.a. hvítbók um tryggingarsjóð váttryggingafélaga (IGS), þ.e. að öll aðildarríki ESB starfræki tryggingarsjóð váttryggingafélaga sem uppfylla þurfi ákveðin lágmarksskilyrði.

Markmið með slíkum sjóði er að tryggja að váttryggingatakar fái kröfur sínar greiddar jafnvel þó váttryggingafélag verði gjaldþrota, svipað og gildir um tryggingarsjóði innstæðueigenda. Markmiðin með tillögum þeim sem fram koma í Hvítbók framkvæmdastjórnar ESB er ekki síst að tryggja svipaða neytendavernd innan ríkja Evrópusambandsins, komast hjá röskun á samkeppni og auka trú neytenda á markaðnum.

Evrópsku váttryggingasamtökin hafa lýst yfir stuðningi við þessi markmið. Samtökin telja þó að nú þegar sé nægileg neytendavernd til staðar í regluverki um eftirlit og gjaldþol váttryggingafélaga og hafa bent á að hin nýja Solvency II tilskipun og hið nýstofnaða evrópska váttryggingaeftirlit (EIOPA) veiti margskonar vernd fyrir neytendur. Því sé ekki þörf fyrir evrópskan tryggingarsjóð váttryggingafélaga. Þrátt fyrir þessa afstöðu váttryggingageirans í Evrópu er ljóst að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hyggst

## Fjármálafyrirtækin: ógnir og tækifæri Hvað segja stjórnarformennirnir?

### Axel Gíslason stjórnarformaður VÍS

Váttryggingamarkaðurinn hefur dregist saman frá árinu 2007 m.a. vegna minnkandi fjárfestinga. Það er því uppsöfnuð þörf fyrir fjárfestingar víða sem hefði jákvæð áhrif á vöxt og starfsemi váttryggingageirans. Nýjar tryggingagreinar og breytt skipulag váttryggingamála í landinu gætu jafnframt stuðlað að vexti.

Það eru tækifæri í að bæta þjónustu við viðskiptavininn enn frekar. Váttryggingageirinn er fjárhagslega sterkur og býr yfir mikilli reynslu starfsmanna og góðum samböndum við erlenda endurtryggjendur.

Áframhaldandi samdráttur eða stöðnun í efnahagslífinu hefði neikvæð áhrif á vöxt og afkomu tryggingageirans. Fjárfestingarkostir eru takmarkaðir í dag og nauðsynlegt að auka framboð skráðra verðbréfa á markaði, en það er tryggingafélögum mikilvægt að ávaxta fjármuni sem standa á móti váttryggingaskuld með traustum og góðum hætti. Jafnframt myndu langvarandi gjalddeyrishöft hamla möguleikum til áhættustýringar.

Aukin skattbyrði og hækkandi kostnaður við opinbert eftirlit er áhyggjuefni. Þá er mikilvægt að tryggja stöðugleika í starfsumhverfinu.



## Hvítbók um tryggingarsjóð váttryggingafélaga samanstendur af eftirfarandi meginþáttum:

- Hvert aðildarríki setji upp tryggingarsjóð, þ.e. ekki er áætluð um að hafa einn sameiginlegan evrópskan tryggingarsjóð.
- Slíkir sjóðir eiga að ná yfir bæði líf- og skaðatryggingar.
- Markmið slíkra sjóða er að vernda neytendur og lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Slíkir sjóðir eiga að vera fyrirfram (ex-ante) fjármagnaðir, með hugsanlegum möguleika á eftir á fjármögnun (ex-post) ef fjármagn viðkomandi sjóðs er ekki nóg.

leggja fram formlega tillögu að löggjöf um tryggingarsjóð váttryggingafélaga fyrir árslok 2012. Í ljósi þess hafa CEA jafnframt bent á mikilvægi þess að slík löggjöf sé framkvæmanleg.

Í stað fullrar samræmingar hafa CEA kallað eftir lágmarks samræmingu milli ríkja og að sjóðurinn verði notaður sem síðasta úrræði. Þetta myndi gera þeim ríkjum sem þegar hafa starfandi tryggingarsjóð váttryggingafélaga tækifæri til að láta þá sjóði starfa áfram. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Evrópuþingið og EIOPA hafa list því yfir að þau styðji slíka lágmarks samræmingu. Þá eru allir aðilar sammála um að IGS eigi að fara eftir svokallaðri heimaríkisreglu, í samræmi við evrópskar eftirlitsreglu.

Þá hafa CEA haldið þeim sjónarmiðum á lofti að IGS tilskipun ætti að fjalla eingöngu um líftryggingar, sökum hárra fjárhæða í líftryggingum og langtíma skuldbindinga sem tengjast oft eftirlaunasjóðum. Skaðatryggingar séu hins vegar skuldbindingar til styttri tíma, þar sem tryggingataki eigi auðveldara með að skipta um váttryggingafélag. Framkvæmdastjórnin, EIOPA og einhverjir þingmenn Evrópuþingsins hafa hins vegar lýst því yfir að IGS eigi að ná til allra líf- og skaðatrygginga, að undanskildum ökutækjetryggingum. Skiptar skoðanir eru um þá hugmynd innan Evrópuþingsins að gildissvið tilskipunarinnar nái einnig til lítilla og meðalstórra fyrirtækja en ekki einungis neytenda, enda markmið með stofnun slíks sjóðs fyrst og fremst að vernda neytendur.

Loks hafa CEA lýst yfir vonbrigðum með tillögur sem fram hafa komið þess efnis að samræma löggjafarferlið við innlánstryggingakerfið, þar sem CEA eru mótfallin öllum samanburði milli hefðbundinnar fjármálastarfsemi og váttryggingastarfsemi.

## Óvissa í kjölfar dóms Evrópudómstólsins

Þann 1. mars 2011 kvað Evrópudómstóllinn (ECJ) upp dóm í máli C-236/09 þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að áhætta í tryggingum byggðum á kyni feli í sér mismunun og því sé ákvæði 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/113/EC ógilt frá og með 21. desember 2012. Í rökstuðningi dómsins kemur fram að hætta sé á að undan-

## Áhrif mismununar dóms ECJ á váttryggingasamninga

### ■ Samningar sem dómurinn hefur áhrif á:

Tegundir samninga	Rök
Samningar gerðir eftir 21. desember 2012	• Dómurinn ógildir 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar frá 12. desember 2012

### ■ Samningar sem dómurinn hefur ekki áhrif á:

Tegundir samninga	Rök
Samningar sem gerðir eru fyrir 21. desember 2012	• 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar <sup>1)</sup>
Samningar sem gerðir eru milli 21. desember 2007 <sup>2)</sup> og renna út fyrir 21. desember 2012	• 1. mgr. 5. gr. og dómur Evrópudómstólsins
Samningar án ákvæðis um endurskoðun gerðir milli 21. desember 2007 og 21. desember 2012 og halda áfram eftir 21. desember 2012.	• annars hefði dómstóllinn tekið fram ef svo væri ekki • dómurinn ætti ekki að taka til samninga þar sem iðgjöld og bætur eru ákveðin og samið um á þeim tíma sem samningurinn kemst á þ.e. fyrir 21. desember 2012. – iðgjöld/bætur greidd fyrir 21. desember 2012 – iðgjöld/bætur greidd eftir 21. desember 2012

### ■ Lagaleg óvissa:

Tegundir samninga	Rök
Samningar gerðir milli 21. desember 2007 og 21. desember 2012, og innihalda ákvæði um endurnýjun, aðlögun eða endurskoðun	• iðgjöld/bætur greiddar fyrir 21. desember 2012 ættu ekki að verða fyrir áhrifum frá dóm sem tekur ekki gildi fyrr en 21. desember 2012

Heimild: CEA

1) 1. mgr. 5. gr. Aðildarríki skulu tryggja að í öllum nýjum samningum, sem gerðir eru eftir 21. desember 2007 í síðasta lagi, leiði notkun kynferðis sem stuðuls í útreikningum á iðgjaldi og bótum í tryggingastarfsemi og skyldri fjármálaþjónustu ekki til mismunandi iðgjalda og bóta fyrir einstaklinga.

2) Skv. 2. mgr. 5. gr. þá geta ríki ákveðið að heimila mismunun á grundvelli kynferðis ef ákvörðun er tekin fyrir 21. desember 2007.

þága frá meginreglunni um sambærilega meðferð karla og kvenna, sem veitt er í tilskipuninni, muni festast þar sem enginn tímamörk eru á undanþágunni. Dómurinn hefur í för með sér töluverða óvissu um þróun mála, en óljóst er til hvaða váttryggingasamninga dómurinn tekur.

Dómurinn hefur þau áhrif að frá og með 21. desember 2012 verður ekki heimilt að taka tillit til kyns í áhættumati þegar ákvörðun er tekin um iðgjöld. Leysa þarf úr ýmsum álitamálum í kjölfar dómsins, s.s. notkun kyns í verðlagningu og kostnað við að breyta váttryggingasamningum. Evrópsku váttryggingarsamtökin (CEA) hafa lagt áherslu

á mikilvægi þess að koma í veg fyrir að dómurinn hafi áhrif á aðra þætti sem litið er til við áhættumat.

CEA hafa unnið að því að setja niður lista yfir þá váttryggingasamninga sem dómurinn kemur til með að hafa áhrif á. Listann eins og hann stendur í dag má sjá hér að aftan.

Undanfarið hefur átt sér stað vinna við endurskoðun tilskipunar 2004/113/EC. Í kjölfar dómsins hafa CEA beitt sér fyrir því að orðalag ákvæða tilskipunarinnar verði ekki á þann veg að hægt verði að túlka það á sama hátt og ákvæði núgildandi tilskipunarinnar.

# Um SFF

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög SFF eru viðskiptabankar, fjárfestingarbankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, kortafélög, eignaleigur og önnur lánaðafyrirtæki. Aðildarfélög eru nú 35 talsins.

SFF þjóna aðildarfélögum sínum með því að gæta hagsmuna þeirra gagnvart stjórnvöldum, eftirlitsstofnunum, almenningi og atvinnulífi. Þá taka SFF virkan þátt í starfi erlendra systursamtaka.

Starfsemin miðar að því að skapa og viðhalda samkeppnishæfum starfsskilyrðum fyrir íslensk fjármálafyrirtæki og stuðla að opinni og upplýstri umræðu um eðli og tilgang fjármálakerfisins og auka með því skilning á starfsemi fjármálafyrirtækja og hlutverki þeirra í samfélaginu.

SFF halda úti ýmsum sérfræðihópum, með fulltrúum aðildarfélaga og samtakanna og samtvinna þannig þekkingu beggja og nýta hana til að koma sjónarmiðum fjármálafyrirtækja á framfæri.

Gildi SFF eru liðsheild, fagmennska og traust.

## Aðildarfélög SFF

---

### Viðskiptabankar

Arion banki hf.  
Byr hf.  
Íslandsbanki hf.  
MP banki hf.  
Landsbankinn hf.

### Fjárfestingarbankar

Saga Fjárfestingarbanki hf.

### Sparisjóðir

AFL sparisjóður  
Sparisjóður Bolungarvíkur  
Sparisjóður Höfðhverfinga  
Sparisjóður Norðfjarðar  
Sparisjóður Ólafsfjarðar  
Sparisjóður Strandamanna  
Sparisjóður Suður-Þingeyinga  
Sparisjóður Svarfdæla  
Sparisjóður Vestmannaeyja  
Sparisjóður Þórshafnar

### Skammtaþryggingafélög

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.  
Tryggingamiðstöðin hf.  
Vátryggingafélag Íslands hf.  
Vörður tryggingar hf.

### Líftryggingafélög

Okkar Líftryggingar hf.  
Líftryggingafélag Íslands hf.  
Líftryggingarmiðstöðin hf.  
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

### Eignaleigur

Lýsing hf.

### Kortafyrirtæki

Borgun hf.  
Kreditkort hf.  
Valitor hf.

### Verðbréfafyrirtæki

Arctica Finance hf.  
Auður Capital hf.  
Centra Corporate Finance hf.  
Íslensk verðbréf hf.  
Virðing hf.

### Lánaðafyrirtæki

Lánasjóður sveitafélaga

### Rekstrarfélög verðbréfasjóða

Landsvaki hf.

# Ný löggjöf um fjármálamarkaðinn 2010–11

Yfirlit lagabreytinga sem varða aðildarfélög SFF samþykkt á 139. löggjafarþingi

## Lög nr. 128/2010, um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga

Við lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, bætist nýtt ákvæði sem tryggir að þegar umboðsmaður skuldara hefur mótttekið umsókn um greiðsluaðlögun hefst tímabundin frestun greiðslna. Undantekning er þó gerð frá þessari reglu ef umsókn umsækjanda um greiðsluaðlögun hefur verið hafnað á síðustu þremur mánuðum. Umboðsmaður skal birta skráningu um tímabundna frestun greiðslna í Lögbirtingarblaði.

Tímabundin frestun greiðslna nær ekki yfir kröfur sem stofnast eftir að frestun greiðslna hefst. Tímabundin frestun greiðslna fellur niður ef skuldari dregur umsókn sína til baka, ef umboðsmaður synjar skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar að liðnum kærufresti eða ef skuldari kærir niðurstöðu umboðsmanns, en þá framlengist fresturinn þar til niðurstaða kærunefndar greiðsluaðlögunarmála liggur fyrir.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (18. október 2010).

## Lög nr. 129/2010, um breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum

Í lögnum er að finna breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, þar sem frestur á nauðungarsölu var framlengdur til 31. mars 2011.

Lög þessu tóku gildi 1. nóvember 2010.

## Lög nr. 135/2010, um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, og fleiri lögum

Í lögnum er að finna breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Lögnum er ætlað að sníða ýmsa annmarka af lögum um greiðsluaðlögun, skýra ákvæði og tryggja virkni greiðsluaðlögunar.

Meðal helstu breytinga má nefna að kröfur viðskiptabanka vegna tímabundinnar fyrirgreiðslu sem námsmanni er veitt vegna framfærslu á grundvelli væntanlegs láns frá Lánasjóði Íslenskra Námsmanna falla ekki undir kröfur sem greiðsluaðlögun tekur til. Er þessi breyting til að tryggja að ef einstaklingur sem sækir um greiðsluaðlögun er námsmaður og hefur fengið fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka á grundvelli væntanlegs láns frá LÍN skuli fyrirgreiðslan hafa sömu stöðu við greiðsluaðlögun og lán frá LÍN, enda hafi samhliða verið samið um að lánið skuli ráðstafast að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans.

Heimild er veitt til að sækja aftur um greiðsluaðlögun að liðnum þremur árum frá því að heimild til greiðsluaðlögunar eða nauðungarsölu til greiðsluaðlögunar var veitt.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (1. desember 2010).

## Lög nr. 141/2010, um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007

Lögin gera breytingu á reglum um tilboðsskyldu eiganda hlutfjár meira en 30% atkvæðaréttar í félagi. Breytingunni er ætlað að koma í veg fyrir hættu á því að félög taki hlutabréf sín úr víðskiptum hér á landi.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (28. desember 2010).

## Lög nr. 142/2010, um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991

Lögin stytta fyrningarfrest á kröfum eða þeim hluta þeirra sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Fyrningarfrestur allra krafna er stytur í 2 ár frá þeim degi sem skiptunum er lokið, óháð því um hvers konar kröfu er að ræða.

Fyrningu krafna verður aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanni og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Kröfuhafi verður að geta sýnt fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu og að líkur megi teljast á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu hennar.

Lögin taka til krafna við gjaldþrotaskipti til framtíðar og þeirra sem var ólokið við gildistöku laganna. Ef skiptum á þrotabúi var lokið fyrir gildistöku laganna fynast kröfur sem þar fengust ekki greiddar, og ekki eru fyrndar, á tveimur á árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfresti.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (28. desember 2010) og mæla lögin fyrir um að þau verði endurskoðuð innan fjögurra ára.



### **Lög nr. 150/2010, um breytingu á greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999**

Með lögnum er hundraðshluta eftirlitsgjalds sem eftirlitsskyldum aðilum ber að greiða breytt. Einnig er veitt heimild til að leggja bráðabirgðaeftirlitsgjald á viðkomandi aðila á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings, sem skal skoða þegar ársreikningur eða stofnefnahagsreikningur liggur fyrir. Samkvæmt frumvarpinu var áætlað að tekjur af eftirlitsgjaldinu verði 1.619 m.kr. á árinu 2011 eða 58,5% hærrí en gert er ráð fyrir árið 2010.

Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2011.

### **Lög nr. 151/2010, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl. lögum (gengislánafrumvarpið)**

Lögin voru sett í tilefni af dómum Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 sem skáru úr um ólögmæti bindingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og dóms frá 16. september 2010 um vaxtareikning slíkra ólögmætra gengislána.

Lögin innihalda ákvæði sem ætlað er að stuðla að einföldun framkvæmdar við útreikning á umbreytingu gengistryggðra lána yfir í íslensk lán.

Gildissvið laganna takmarkast við fasteignaveðlán sem geta myndað stofn til vaxtabóta sbr. b-lið 68. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og eignaleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki vegna kaupa á bifreið til einkanota.

Kveðið er á um það í lögnum að sé lánsamningur til lengri tíma en 5 ára skal að loknu uppgjöri miðað við vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður. Um verðtryggingu skal miða við vísitölu neysluverðs.

Fjármálafyrirtæki skulu eigi síðar en 60 dögum eftir gildistöku laganna senda skuldara útreikning á nýjum höfuðstól og/eða endurgreiðslu ofgreidds fjár sem af uppgjöri leiðir. Slíkan útreikning skal jafnframt senda ábyrgðarmanni eða veðeiganda. Sanni þeir ekki rétt sinn til greiðslna innan tímamarka sem fjármálafyrirtæki setur í tilkynningu sinni er fjármálafyrirtæki heimilt að færa höfuðstól til samræmis við útreikning eða endurgreiða skuldara ofgreitt fé óski hann þess.

Lögin mæla fyrir um að hafi, einu sinni eða oftar, orðið aðila- eða skuldaraskipti að lánsamningi þar sem um er að ræða ólögmæta vexti og/eða verðtryggingu. Skal þá hver skuldari eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum þeim sem þeir inntu af hendi vegna lánsins, svo og rétt eða skyldu til leiðréttingar vegna breytinga á höfuðstól lánsins vegna áhrifa gengistryggingar. Réttindi og skyldur hvers og eins aðila skulu miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánsamnings.

Þá segir í lögnum að ef í lánsamningi er kveðið á um ólögmæta gengistryggingu er heimilt með samningi kröfuhafa og skuldara að færa höfuðstól láns í erlendar myntir eins og um gilt erlent lán hafi verið að ræða. Falla þá niður heimildir til leiðréttingar samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Sett er á laggirnar úrskurðarnefnd á grundvelli laga nr. 107/2009, sem hefur það verkefni að leysa úr álitamálum sem varða sértæka skuldaðalögum fyrirtækja.

Lögin mæla einnig fyrir um að kostnaður sem leiðir af íhlutun stjórnvalda í endurskipulagningu skulda einstaklinga og fyrirtækja greiðist af helstu lánastofnunum skv. 4. gr. laga nr. 161/2002.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (28. desember 2010).

### **Lög nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki**

Samkvæmt lögnum er lagður sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki þar sem skattstofninn er heildarskuldir, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og þær eru tilgreindar á skattframtali fjármálafyrirtækja. Skattskyldan hvílir á fjármálafyrirtækjum sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum.

Gjaldhlutfall skattsins er 0,041%. Samkvæmt greinagerð var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu nálægt 1 milljarði kr. af umræddum skatti árið 2011. Breytingar voru þó gerðar á frumvarpinu í meðferð þingsins þannig að gjaldhlutfall skattsins var fært niður úr 0,045% í 0,041%.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (29. október 2010) og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekjuársins 2010 og skulda í lok þess árs.

### **Lög nr. 165/2010, um breytingu á skattlagningu gengishagnaðar af innlánsreikningum í erlendri mynt og framlenging á stimpilfrelsi skilmálabreytinga skv. lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld**

Í 1. gr. laganna er gerð breyting á 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem sætt hefur gagnrýni

þar sem ákvæðið mælti fyrir um tekjufærslu gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt í eigu einstaklinga utan atvinnurekstrar. Með breytingunni er horfið frá því að telja áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Ákvæðið öðlaðist gildi 1. janúar 2011.

Í 50. gr. laganna eru framlengd til 31. desember 2011 tímabundin bráðabirgðaákvæði laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, sem mæla fyrir um stimpilfrelsi skilmálabreytinga og nýrra skuldabréfa sem koma í stað eldri skuldabréfa.

Framangreind ákvæði tóku gildi við birtingu (30. desember 2010).

#### **Lög nr. 160/2010, um mannvirki**

Lögin fela í sér heildarendurskoðun á skipulags- og byggingarlögum. Meðal helstu breytinga má nefna að ný stofnun, Mannvirkjastofnun, mun taka yfir verkefni Brunamálastofnunar frá og með 1. janúar 2011. Mannvirkjastofnun mun einnig hafa yfirumsjón með framkvæmd byggingarmála.

Samkvæmt lögnum þá annast váttryggingafélög árlega innheimtu sérstaks byggingaröryggisgjalds, sem skal nema 0,045% af váttryggingafjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár og samsettra trygginga sem fela í sér brunatryggingu. Gjaldinu er ætlað að fjármagna starfsemi Mannvirkjastofnunar.

Lögin fjalla einnig um ábyrgð byggingarstjóra og hönnuða. Leitast er við að skýra frekar verksvið og ábyrgð byggingastjóra frá því sem verið hefur. Samkvæmt lögnum skulu byggingarstjórar og hönnuðir, hvort sem er einstaklingar eða fyrirtæki, hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Ráðherra er falið að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna í reglugerð. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2011.

#### **Lög nr. 161/2010, um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000**

Lögin innihalda breytingar sem leiða af frumvarpi til mannvirkjalaga. Með nýrri stofnun, Mannvirkjastofnun, heyrast flest mál sem varða öryggi bygginga, þ.m.t. brunavarnir og rafmagnsöryggi, undir eina stofnun en þessir þættir hafa hingað til heyrt undir hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti. Auk þess var björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum gert að lögbundnu verkefni slökkviliða, til að tryggja að slík þjónusta sé í boði á landinu öllu og að hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur.

Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2011.

#### **Lög nr. 164/2010, um endurútreikning á gengistryggðum lánum, sbr. lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 164/2010**

Í 6. gr. c. laganna er lögfest nýtt bráðabirgðaákvæði (III) í lög um tekjuskatt, nr. 90/2003. Ákvæðið mælir fyrir um að við endurútreikning á gengistryggðum húsnæðis- og bílalanum einstaklinga utan atvinnurekstrar í lán í íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 þar sem gengistryggðir bílasamningar voru dæmdir ólögætir, skulu inneignarvextir skuldara sem ákvarðaðir eru af þessum sökum á árunum 2010 og 2011 ekki teljast til fjármagnstekna. Mælt er fyrir um að endurútreikningur afborgana og vaxta hafi ekki áhrif á áður ákvarðaðar vaxtabætur eða barnabætur hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra samkvæmt nánar útlistuðum reglum.

Endurútreikningur afborgana og vaxta hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur endurútreikningurinn ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr., atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006, og námslán Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1992.

Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2011.

#### **Lög nr. 14/2011, um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.**

Lögin fela í sér breytingu á kærugjaldi vegna kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Upphæð kærugjalds samkvæmt lögnum er nú 200.000 kr. en gjaldið endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni. Greiða þarf sérstakt gjald, 250.000 kr., vegna samruna fyrirtækja óháð stærð þeirra. Þá er Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til að til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (2. mars 2011).

#### **Lög nr. 37/2011, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (sjúkdómatryggingar)**

Þann 14. apríl 2011 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2002, vegna skattlagningar bóta úr sjúkdómatryggingum. Lögin fela í sér að bætur úr sjúkdómatryggingum verða skattfrjálsar til framtíðar. Jafnframt innihalda lögin heimild til að taka upp mál þar sem skattur hefur verið greiddur af slíkum bótum á liðnum árum.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (20. apríl 2011).

## **Lög nr. 55/2011, um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta**

Lögin kveða á um að vegna ársins 2011 greiði innlánsstofnanir gjald til sjálfstæðrar deildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. Iðgjaldið í nýju deildina er samtala almenns iðgjalds og iðgjalds sem er reiknað á grundvelli áhættustuðuls. Almennt iðgjald svarar 0,3% á ári af öllum innstæðum, hjá viðkomandi innlánsstofnun öðrum en þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd skv. 15. mgr. eða 0,075% á ársfjórðungslegan gjalddaga. Fyrsti gjalddagi er 1. september 2011. Auk almenns iðgjalds greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald margfaldað með áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Almennt iðgjald skal margfaldað með áhættustuðlinum eins og hann er í lok þess ársfjórðungs sem iðgjald er greitt fyrir. Gjalddagi breytilegs iðgjalds fyrir þriðja ársfjórðung er 1. nóvember 2011 og gjalddagi fyrir fjórða ársfjórðung er 1. mars 2012.

Undanskilin tryggingavernd samkvæmt nýja ákvæðinu eru innstæður fjármálafyrirtækja og félaga í sömu samstæðu, innstæður ríkis og sveitarfélaga auk innstæðna stofnana í meirihluta eigu opinberra aðila, innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingarstefnu, innstæður lífeyrissjóða aðrar en hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun, innstæður sem ekki eru skráðar á nafn og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti. Lögin taka þó fram að takmörkun á tryggingavernd raski ekki rétt hæð innstæðna í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti við slitameðferð innlánsstofnunar.

Lögin veita einnig heimild, að fenginni sameiginlegri tillögu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, að innheimta viðbótariðgjald ef eign sjóðsins dugir ekki til að standa undir greiðslu þegar greiðsluskylda er virk. Þá er sjóðnum einnig heimilt að innheimta viðbótargjöld til að standa straum af kostnaði, afborgunum og greiðslum vaxta af lánunum. Slíkt iðgjald skal aldrei vera hærra en nemur 0,6% af tryggðum innstæðum hjá viðkomandi lánastofnun.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (31. maí 2011)

## **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum**

Í lögnum eru nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2002, lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, og fleiri lögum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við undirritun kjarasamninga 5. maí sl. Lögin gera m.a. ráð fyrir að til viðbótar við þann bankaskatt sem þegar hafði verið samþykktur (lög nr. 155/2010) greiði fjármálafyrirtæki sem undir þau lög falla sérstakan skatt sem nemur 0,0875% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í lögnum. Gjalddagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2011. Reiknað er með að þessi viðbót nemi um 2,1 milljörðum króna á árinu. Henni er ætlað að mæta sérstakri vaxtaniðurgreiðslu á grunni viljayfirlýsingar ríkisstjórnar, fjármálafyrirtækja og stjórnvalda frá 3. desember 2010. Slík lagasetningarleið var ekki í samræmi við viljayfirlýsinguna sem gekk út á samstarf um fjármögnun á vaxtaniðurgreiðslunni. SFF gagnrýndu það sem og aðferðafræðina þar sem undir lög um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki falla mun fleiri fjármálafyrirtæki en stóðu að viljayfirlýsingunni auk þess sem önnur sem eru í slitameðferð en komu að yfirlýsingunni eru undanþeginn skattgreiðslu samkvæmt lögnum.

Lög þessu tóku gildi við birtingu (27. júní 2011), að undanskildu ákvæði 2. og 5. sem öðlast gildi 1. janúar 2012.

## **Lög nr. 81/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum**

Lögin, fela í sér breytingu á bráðabirgðaákvæðum I og II í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Ákvæði felur í sér heimild til Seðlabanka Ísland að takmarka eða stöðva tímabundið einhverja eða alla flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast ef slíkar hreyfingar til og frá landinu valda að mati bankans alvarlegum og verulegum östöðugleika í gengis- og peningamálum. Heimild til greiðslu vegna útflutnings vöru eða þjónustu fram til 31. ágúst 2011 í erlendum gjaldmiðli er einnig framlengd til 30. september 2011.

Lögin fela einnig í sér framlengingu á bráðabirgðaákvæði IV í tollalögum, nr. 88/2005, frá 31. ágúst til 30. september 2011. Ákvæðið kveður á um að viðskiptaverð vöru skal skráð í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu, sbr. lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (28. júní 2011).

## **Lög nr. 78/2011, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (slit, eftirlit og innleiðing)**

Lögin fela í sér breytingu á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þar sem fjallað er um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki.

Meðal helstu breytinga sem lögin fela í sér má nefna að endurskipulagning fjármálafyrirtækis, eða upphaf slitameðferðar, skuli ekki hafa áhrif á eignarétt lánadrottna, þá gilda nú hæfisreglur 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki um þá sem sitja í slitastjórn og eftirlit með slitastjórn er aukið með því að fela Fjármálaeftirlitinu eftirlit með slitum fjármálafyrirtækja og dótturfélaga þeirra, óháð því hvort þau hafa en starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort þau hafa misst starfsleyfis sitt.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (28. júní 2011).

### **Lög nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu**

Með lögnum er innleitt í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Markmið með tilskipuninni er að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt regluverk um greiðsluþjónustu fjármagns, svo sem nánar greinir í formála tilskipunarinnar. Lögin eru fyrstu heildstæðu lögin hér á landi um greiðsluþjónustu.

Lögin munu taka gildi 1. desember 2011.

### **Lög nr. 119/2011, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.)**

Með lögnum er innleitt í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar nr. 2009/111/EB, auk þess sem gerðar eru breytingar á öðrum ákvæðum laganna, svo sem 4. mgr. 52. gr. um hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja.

Meðal þeirra breytinga sem lögin fela í sér, er að í stað þess að lögmenn sem eiga sæti í stjórn megi ekki sinna lögmansstörfum fyrir aðra eftirlitsskylda aðila er bannið nú takmarkað við lögmansstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (28. september 2011).

### **Lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði**

Lögin fela í sér innleiðingu á tilskipun 2007/19/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Með gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með síðari breytingum.

Meðal helstu breytinga sem lögin fela í sér má nefna að lögin gilda einnig um fagfjárfestingarsjóði, og lögin taki þá til allra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þá er framkvæmdastjóra rekstrarfélags og sjóðsstjóra gert að hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum, auk þess sem ákvæði um hæfi stjórnenda og sjóðsstjóra fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki. Strangari reglur eru settar um fjárfestingar í tengdum aðilum, eign verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af tengdum aðilum skuli ekki nema meiru en 20% af eign sjóðsins og aukin aðgang almennings að upplýsingum.

Lögin munu taka gildi 1. nóvember 2011.

### **Lög nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands**

Lögin fela í sér lögfestingu á reglum um gjaldeyrismál sem Seðlabanki Íslands hefur sett, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um gjaldeyrismál. Lögin fela m.a. í sér að Seðlabanki Íslands getur bundið gjaldeyrisviðskipti sín skilyrðum hvað varðar innra skipulag og fjárfestingarstefnu viðskiptamanna, eignarhald og fjármögnun þeirra, lágmarkstíma á eignarhaldi hluta eða hlutabréfa útgefinna af viðskiptamönnum, ráðstöfun þeirra á gjald fram til 31. desember 2013.

Lög þessi tóku gildi við birtingu (29. september 2011).







